


Keldur og nágrenni

Rammahluti aðalskipulags

Áformuð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040



Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlana



Í landi Keldna eru tækifæri til að efla byggð í austurhluta Reykjavíkur og styrkja sjálfbæra borgarþróun á höfuðborgarsvæðinu öllu. Möguleg uppbyggingarsvæði á Keldum og Keldnaholti eru einstaklega vel staðsett landfræðilega og má segja að þau séu meðal síðustu byggingarsvæðanna innan samfelldrar byggðar á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa miðlæga legu.

Fyrirhuguð lega Borgarlínu um svæðið er lykil forsenda þess að hægt verði að byggja upp ný borgarhverfi á svæðinu á vistvænan og hagkvæman hátt, sem gefur einnig möguleika á að lágmarka kolefnisspor uppbyggingarinnar.

Skipulagning nýrra borgarhverfa í landi Keldna felur einnig í sér tækifæri til að flétta á sjálfbæran hátt nýja byggð við eldri gróin hverfi og hina einstöku náttúru sem er á svæðinu og við Grafarvoginn. Ennfremur gefst tækifæri til að styrkja það samfélag sem er fyrir í borgarhlutanum, m.a. með auknu framboði verslunar og þjónustu, veitingastaða, afþreyingar og vel hannaðra almenningsrýma, auk nýrra atvinnutækifæra.

Uppbygging nýrra íbúðarhverfi í landi Keldna er einnig lykil forsenda þess að efla húsnæðismarkaðinn í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu á komandi árum og liður í því stuðla að stöðugra og auknu framboði íbúða, ekki síst þeirra sem eru á viðráðanlegu verði.

Meðfylgjandi verklýsing aðalskipulagsbreytingar er fyrsta skrefið í kynningar- og samráðsferli um breytt skipulag í landi Keldna, en áformað er að því ferli ljúki í byrjun árs 2026.



Efnisyfirlit

1. Inngangur

- 1.1. Samstarf um þróun Keldna og nágrennis
- 1.2. Samkeppni um skipulag Keldnaland og val ráðgjafa
- 1.3. Fyrirkomulag vinnu, áherslur og leiðarljós
- 1.4. Efni verklýsingar

2. Markmið og leiðarljós

3. Megin forsendur og gildandi áætlanir

- 3.1. Stefna stjórnvalda í skipulags-, umhverfis- og húsnæðismálum
- 3.2. Keldur og þróun byggðar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu
- 3.3. Mikilvægi Keldna fyrir húsnæðismarkað
- 3.4. Almennir staðhættir
- 3.5. Gildandi aðalskipulagsákvæði í landi Keldna og Keldnaholts
- 3.6. Niðurstöður samkeppni og vinningstillaga FOJAB
- 3.7. Áhrifsvæði Borgarlínu. Önnur svæði til skoðunar

4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar

- 4.1. Afmörkun skipulagssvæði í landi Keldna og nærliggjandi áhrifsvæði
- 4.2. Valkostir um þróun byggðar
- 4.3. Borgarlína. Krossamýrartorg-Keldnaholt
- 4.4. Yfirlit efnispáttu í AR2040 sem koma til endurskoðunar

5. Mat á umhverfisáhrifum breytinga. Matslýsing

- 5.1. Nálgun og áherslur í umhverfismati
- 5.2. Valkostir
- 5.3. Áhrifaþættir og umhverfis- og samfélagsþættir
- 5.4. Matsspurningar, viðmið og gögn
- 5.5. Vægismat
- 5.6. Tengsl við aðra áætlanagerð
- 5.7. Umhverfisskýrsla

6. Samráð og kynningar

7. Umsagnar og hagaðilar

8. Viðaukar

5

6

7

7

8

9

11

12

13

14

15

17

23

24

25

26

26

27

28

29

30

31

31

31

31

44

45

45

46

48

50

Mynd 1. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar. Afmörkun svæða sem tillögur munu ná til, Keldur og Keldnaholt, áhrifsvæði Borgarlínu og aðliggjandi hverfi í austurborginni.

Mynd 2. Vinningstillaga FOJAB að skipulagi byggðar í Keldnalandi. Yfirlitsmynd

Mynd 3. Keldnaland í svæðisskipulagslegu samhengi.

Mynd 4. Helstu staðhættir, náttúra, gróðursvæði. örnefni og saga

Mynd 5. Örfirisey-Keldur – þróunarás.

Mynd 6. Land Keldna og Keldnaholts er skilgreint sem miðsvæði (M4c, M4d) í AR2040.

Mynd 7. Stefna um hæðir húsa í gildandi aðalskipulagi.

Mynd 8. Skilgreindir reitir fyrir íbúðarbyggð og blandað byggð í AR2040.

Mynd 9. Meginleiðir almenningssamgangna og Borgarlínu, ásamt helstu þróunarsvæðum.

Mynd 10. Svæðisskipting vegna bíla- og hjólastæðnareglna í Reykjavík

Mynd 11. Hverfisverndarsvæði í Grafarvogi (HV7) og við Korpu (HV12) og opin svæði í landi Keldna samkvæmt aðalskipulagi.

Mynd 12. Vinningstillaga FOJAB, yfirlitsmynd sem lýsir helstu dráttum í skipulagi

Mynd 13. Fótspor þéttbýlissvæða samkvæmt vinningstillögu og landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Mynd 14. Landnotkunarsvæði sem verða mögulega einnig til endurskoðunar í aðalskipulagsvinnunni.

Mynd 15. Afmörkun skipulagssvæðis í landi Keldna og nágrennis.

Mynd 16. Borgarlína, lota 6: Ártúnshöfði – Háholt

Mynd 17. Samanburður valkosta um legu Borgarlínu, frá Krossamýrartorgi að Keldnaholt,

Keldur og nágrenni

Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

Inngangur


**Aðdragandi og
fyrirkomulag vinnu**

Inngangur

Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040)* sem varða landnotkun og þróun byggðar í landi Keldna og nágrennis. Við mótnu breytingartillagna fyrir Keldur og Keldnaholt verður einnig horft til þróunar byggðar á nærliggjandi svæðum og einkum þeim sem eru innan áhrifasvæðis Borgarlínu í austurhluta borgarinnar (sjá mynd 1).

Breytingar sem snerta þróun byggðar í landi Keldna, verða settar fram og útfærðar í samræmi við heimild skipulagslaga um rammahluta, sem felur í sér ítarlegri og nákvæmari stefnumörkun en almennt er sett fram í aðalskipulagi. Markmiðið með þeirri nálgun er að setja fram ákveðnari kröfur og skipulagsákvæði en venjan er á aðalskipulagsstigi; s.s. um gæði og yfirbragð byggðar, hæðir húsa, skilgreiningu almenningsrýma, bíla- og hjólastæðareglur, vistvæna hönnun og félagslega sjálfbærni og hagkvæma áfangaskiptingu uppbyggingar, sem taka þarf tillit til við mótnu deiliskipulags.

Jafnhliða verklýsingu þessari er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. lög nr. 111/2021 m.s.br. (sjá 5. kafla).



Mynd 1. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar. Afmörkun svæða sem tillögur munu ná til, Keldur og Keldnaholt, áhrifasvæði Borgarlínu og aðliggjandi hverfi í austurborginni. Á myndinni eru sýnd helstu uppbyggingarsvæði í Reykjavík, í samhengi við hágæða almenningsamgöngur, sbr. AR2040 og Húsnæðisáætlun 2024-2033.

Rammahluti aðalskipulags

„Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.“

2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Inngangur

1.1. Samstarf Reykjavíkurborgar og Betri samgangna um þróun Keldna og nágrennis

Undanfarin misseri hefur skipulagning og þróun Keldnalandi verið í undirbúningi í samstarfi Reykjavíkurborgar og Betri samgangna, í samræmi við sameiginlega viljayfirlýsingu aðila frá 28 apríl 2022, þar sem aðilar sammæltust um samstarf um þróun og uppbyggingu Keldnalandi og Keldnaholts og flýtingu uppbyggingu Borgarlínuleiðar inná svæðið (sjá Viðauki 8.3), og uppfærðan samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá ágúst 2024.

Í samræmi við viljayfirlýsinguna frá 2022 efndu aðilar, í upphafi árs 2023, til alþjóðlegrar samkeppni um þróun Keldnalandi og nágrennis. Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar þann 26. september 2023 og bar arkitektastofan FOJAB sigur úr bítum.

Í fyrirbyggjandi samkomulagi aðila kemur fram að hafin skuli undirbúningur að samningum um uppbyggingu Keldnalandi og Keldnaholts þegar niðurstöður skipulagssamkeppni liggja fyrir og að formlegur uppbyggingarsamningur liggji fyrir áður en umrædd aðalskipulagsbreyting er afgreidd í lögformlega auglýsingu og áður en fyrstu deiliskipulagsáætlanir á svæðinu verða teknar til afgreiðslu í ráðum borgarinnar.

1.2. Samkeppni um skipulag Keldnalandi 2023 og val ráðgjafa

Efnt var til hugmyndasamkeppni um skipulag á svæðinu á árinu 2023 og lágu niðurstöður hennar fyrir á haustdögum og var tillaga FOJAB arkitekta, ásamt Ramböll, hlutskörpust. Meðal megin markmiða samkeppninnar var að leita að ráðgjafahópi sem væri hæfur til að vinna að frekari skipulagningu á svæðinu, í samstarfi við Reykjavíkurborg og Betri samgöngur. Í framhaldinu voru hafnar viðræður við FOJAB og



Mynd 2. Vinningstillaga FOJAB að skipulagi byggðar í Keldnalandi. Ráðgjafar voru Ramböll. Yfirlitsmynd (sjá nánar Viðauka 8.4)

samstarfsaðila um skilgreiningu mögulegra skipulags- og hönnunarverkefni, sem væru liður í undirbúningi lögformlegrar skipulagsgerðar og uppbyggingar á svæðinu.

Skilgreining helstu verkefna liggur nú fyrir og hefur verið gerður samningur um þau verkefni við FOJAB og samstarfsaðila þeirra, sem Reykjavíkurborg og Betri samgöngur standa sameiginlega að.

„Niðurstaðan, með ákvörðun um vinningstillögu og að tvær aðrar hljóti viðurkenningu, er mikilvægur áfangi í þróunarferli Keldnalandi. Tillögurnar 36 sem kepptu í fyrra þrepi og þær fimm sem voru unnar lengra á seinna þrepi, fela í sér ítarlega rannsókn á viðfangsefnum og tækifærum svæðisins í ljósi metnaðarfullra markmiða. Það má því stíga næstu þróunarskref óhikað með verðlaunaða og viðurkenndar tillögur að leiðarljósi.“

Úr álitni dómnefndar, haustið 2023.

Inngangur

1.3. Fyrirkomulag vinnu, áherslur og leiðarljós

Gengið er út frá því að móta og þróa byggð á svæðinu á grunni vinningstillögunnar og tryggja að hið nýja hverfi falli vel að þeirri náttúru og byggð sem er til staðar og í nágrenninu.

Reykjavíkurborg og Betri samgöngur eru sammála um að ýmis atriði í fyrirbyggjandi tillögu þarfnist nánari rýni og útfærslu og að mikilvægt sé að tryggja gott samráð við frekari mótun skipulags á svæðinu.

Uppbygging og þróun svæðisins er háð allnokkrum breytingum á *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040*, svo og gerð deiliskipulagsáætlana fyrir hvern skilgreindan uppbyggingaráfanga, þar sem hafa þarf samráð við hagsmunaðila og móta tillögur í samræmi við málsmeðferð skipulagslaga.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að uppbygging nýrrar byggðar í landi Keldna og nágrennis leiði til sjálfbærrar borgarþróunar, styrki byggð á aðliggjandi svæðum og hafi jafnframt jákvæð áhrif á rekstur borgarinnar. Mikilvægt er að við mótun skipulags á svæðinu verði meginmarkmið aðalskipulags, *Húsnæðisáætlunar Reykjavíkur 2024-2033* og samningsmarkmið borgarráðs í húsnæðismálum lögð til grundvallar.

Ljóst er að forsenda uppbyggingar er að Borgarlína tengist svæðinu áður en veruleg uppbygging er hafin, sbr. ákvæði viljayfirlýsingarinnar frá 2022, sbr. einnig uppfærður samgöngusáttmáli og má segja að Keldur verði fyrsta „Borgarlínuhverfið“ í sögu borgarinnar.

Nú liggja fyrir drög að áætlun um undirbúning og skipulagsgerð í Keldnalandi sem byggja á vinningstillögunni og viðræðum við FOJAB um frekari vinnu. Lykilverkefni samkvæmt þeim samningi eru eftirfarandi:

Þróunaráætlun (development plan) um skipulagningu og uppbyggingu Keldnaland og nágrennis. Í slíkri áætlun yrði m.a. mælt fyrir um: ramma að heildarskipulagi, áfangaskiptingu uppbyggingarreita,

þéttleika byggðar, hæðir húsa, landþörf og staðsetningu helstu samfélagsstofnana, samsetningu íbúðagerða og búsetuforma, blöndun íbúða- og atvinnuhúsnæðis, heildar gatna- og stígakerfi og skipulag almenningsrýma. Í slíkri áætlun yrði einnig að finna almennar hönnunarleiðbeiningar fyrir hverfið og alla uppbyggingarreiti (design manual) og áfangaskiptingu uppbyggingar, bæði grunninnviða og húsnæðis.

Samgönguskipulag og frekari hönnun gatna- og stígakerfis, þ.m.t. nánari útfærsla á bílastæðamálum (bílastæðahús) og ítarlegri hönnunarforsendur fyrir einstaka uppbyggingarreiti og deiliskipulagsáfanga. Einnig forhönnun, greiningarvinna og annar undirbúningur Borgarlínu milli Krossamýrartorgs og Korputorgs.

Viðkomandi verkefni hafa verið í undirbúningi undanfarið misseri og verða unnin og kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingunni sem lýst er í þessu skjali.

1.4. Efni verklýsingar

Í skjalinu er gerð grein fyrir markmiðum og leiðarljósi við mótun breytingartillagna (2. kafli), helstu forsendur breytinga skilgreindar, ásamt gildandi aðalskipulagsákvæðum (3. kafli), fjallað um megin viðfangsefni væntanlegra breytinga og þau einstöku ákvæði sem eru til endurskoðunar (4. kafli), hvernig verður staðið að því að meta áhrif væntanlegra breytinga og þeirrar uppbyggingar sem fylgir í kjölfarið (kafli 5) og tilhögun kynningar- og samráðsferlis sem er framundan (6. og 7. kafli). Í *Viðauka* má finna m.a. lykil forsendur, s.s. um náttúrufar og staðhætti í landi Keldna (sjá 8.5), vinningstillögu FOJAB úr skipulagssamkeppninni 2023 (sjá 8.4) og viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna frá 2022 (sjá 8.3).

„Tillagan er byggð á reglubundinni notkun byggðarreita meðfram sannfærandi og raunhæfri leið fyrir Borgarlínu, með vel staðsettum stöðvum og hverfiskjörnum. Með þessu nýtist landið vel og dreifing þéttleikans er sveigjanleg en leiðir eru jafnframt greiðar gegnum byggðina. Sýnt er nokkuð einsleitt form byggðar, sem þó er auðvelt að vinna með og gera fjölbreyttara, án þess að grunnhugmyndinni sé breytt. Á þetta gæti reynt til að tryggja nægt sólarljós og aðlögun að landslaginu... Í tillögunni er sett fram ítarlegt og ígrundað net leiða fyrir alla ferðamáta, sem rímar vel við blöndun byggðar og staðsetningu þjónustu. Áætlun um félagslega blöndun er sannfærandi, með stigskiptri nálgun.“

Úr umsögn dómnefndar um vinningstillögu, haustið 2023.

Keldur og nágrenni

Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

Megin markmið

Tilgangur skipulagsgerðar og þau markmið og leiðarljós sem verða lögð til grundvallar við mótnun breytingartillagna

Keldur og nágrenni

Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

Megin forsendur
og gildandi
áætlanir

Lykil þróunarsvæði í
AR2040 og á
höfuðborgarsvæðinu

Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.1. Stefna stjórnvalda í skipulags-, umhverfis- og húsnæðismálum

Skipulagning nýrra borgarhverfa í landi Keldna og nágrennis, í samstarfi Reykjavíkurborgar og Betri samgangna, gefur einstakt tækifæri til að fylgja eftir í verki fyrirbyggjandi stefnumörkun ríkisins, SSH og Reykjavíkurborgar í skipulags, umhverfis- og húsnæðismálum. Undanfarin ár og misseri hafa stjórnvöld sett sér metnaðarfull markmið, hvort sem litið er til aukinna gæða í hinu byggða umhverfi þéttbýlisins, lækkun kolefnisspors, vistvænni samgöngur, húsnæði fyrir alla félagshópa eða almennt um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar. Í þessu samhengi má nefna m.a. eftirfarandi stefnuskjöl:

Landsskipulagsstefna 2024–2028, samþykkt á 154. löggjafarþing 2023–2024

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (sjá co2.is)

Uppfærsla samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, ágúst 2024.

Höfuðborgarsvæðið 2040, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 m.s.br., sameiginleg stefna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, samþykkt upphaflega 2015.


Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) & Skipulagsstofnun, 2023

Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga, samþykktur í tengslum við kjarasamninga 2019

Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um auknið framboð íbúða 2023–2032 og sameiginleg sýn og stefnu í húsnæðismálum, samþykktur júlí 2022 af HMS, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Innviðaráðuneytinu.

Samkomulag um auknið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023–2032 og fármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis, samþykkt janúar 2023 af HMS, Innviðaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

Mikilvægt er að horft verði til ofangreindra stefnuskjala, auk *Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, Húsnæðisáætlunar Reykjavíkur 2024–2033* og loftslagstefnu borgarinnar, við móttöku aðalskipulagsbreytinga í landi Keldna og við hönnun deiliskipulags á svæðinu.



Skýringarmyndir úr leiðbeiningarritinu, *Mannlíf, byggð og bæjarrými* sem unnið var í samvinnu SSH og Skipulagsstofnunar ríkisins árið 2023, sem lýsir mikilvægi þess að hverfa frá áherslum bílmíðaðs skipulags í þéttbýli.

„Í skipulagi þéttbýlisstaða verði almennt haft að leiðarljósi að minnka ferðaþörf með því að þétta byggð, blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða...“

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningsamgöngur. ...“

Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Við skipulagsgerð verði byggt á leiðbeiningunum *Mannlíf, byggð og bæjarrými*.

Við skipulag byggðar og bæjarhönnun í þéttbýli verði stuðlað að gæðum í hinu byggða umhverfi og sett fram stefna og ákvæði um byggðamynstur og mælikvarða, og samspil byggðar, bæjarrýma og samgangna.

Tryggt verði fjölbreytt, hagkvæmt og sveigjanlegt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa og stuðlar að félagslegri fjölbreytni. Í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir tekju- og eignalægri í samræmi við viðmið rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisáætlánir.“

Landsskipulagsstefna 2024–2028, samþykkt á Alþingi 2024

Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.2. Keldur og þróun byggðar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu


Í landi Keldna eru tækifæri til að efla byggð í austurhluta Reykjavíkur og styrkja sjálfbæra borgarþróun á höfuðborgarsvæðinu öllu. Möguleg uppbyggingarsvæði á Keldum og Keldnaholti eru vel staðsett landfræðilega og má segja að þau séu meðal síðustu óbyggðu byggingarsvæðanna innan samfelldrar byggðar á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa miðlæga legu.

Fyrirhuguð lega Borgarlínu um svæðið er lykil forsenda þess að hægt verði að byggja upp ný borgarhverfi á svæðinu á vistvænan og hagkvæman hátt, sem gefur einnig möguleika á að lágmarka kolefnisspor uppbyggingarinnar.

Skipulagning nýrra borgarhverfa í landi Keldna felur einnig í sér tækifæri til að flétta á sjálfbæran hátt nýja byggð við eldri gróin hverfi og hina einstöku náttúru sem er á svæðinu og við Grafarvoginn. Ennfremur gefst tækifæri til að styrkja það samfélag sem er fyrir í borgarhlutanum, m.a. með auknu framboði verslunar og þjónustu, veitingastaða, afþreyingar og vel hannaðra almenningssvæða, auk nýrra atvinnutækifæra.

Uppbygging nýrra íbúðarhverfi í landi Keldna á næstu árum er einnig lykil forsenda þess að efla húsnæðismarkaðinn í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að stöðugu og auknu framboði íbúða, ekki síst þeirra sem eru á viðráðanlegu verði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum sveitarfélaganna (sjá *Þróunaráætlun Höfuðborgarsvæðisins*), þá er svigrúm til að byggja vel á sjötta tug þúsund íbúða á byggingarsvæðum sem eru innan skilgreindra vaxtarmarka svæðisskipulagsins. Áætluð uppbygging í landi Keldna, sbr. vinningstillaga, gæti numið um 10% af heildaruppbyggingunni og undirstrikar það mikilvægi þess að nýta land Keldna til að styrkja húsnæðismarkað á komandi árum.



Mynd 3. Keldnaland í svæðisskipulagslegu samhengi. Stefna um þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu, innan skilgreindra vaxtarmarka og með áherslu þróun byggðar í grennd við hágæða almenningssamgöngur

„Sterkt hverfi er eitt lykilatriðið til að vel takist til að samþætta byggðarmynstur og vaxandi notkun almenningssamgangna. Það er gert með því að styrkja nærumhverfið þannig að íbúar geti sinnt sínum daglegu athöfnum í nálægð við heimili sitt. Í kjarna hverfisins er þétt byggð með fjölbreyttri starfsemi og miðstöð almenningssamgangna. Þar er borgargata hverfisins, með umhverfi sem ýtir undir iðandi mannlíf. Um kjarnann liggur Borgarlínan og/eða strætóleið með háu þjónustustigi. Leggja þarf áherslu á göngu- og hjólavænt umhverfi frá kjarna og út í hverfið ...“

Höfuðborgarsvæðið 2040, ,bls.76


Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.3. Mikilvægi Keldna fyrir húsnæðismarkað

Síðustu ár hefur Reykjavíkurborg unnið markvisst að því að auka uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í borginni. Unnið hefur verið á grundvelli húsnæðisáætlana og markmiða aðalskipulags Reykjavíkur (AR2040). Í áætlunum hefur verið lagt upp með það að auka heildarframboð íbúða, auka fjölbreytni í íbúðagerðum og búsetuformum og hlutdeild húsnæðisfélaga, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Gerð húsnæðisáætlana og aukin hlutdeild öflugra fasteignafélaga á markaðnum, ekki síst þeirra sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, getur leitt til þess að það dragi úr sveiflum á byggingarmarkaði og framboð íbúðarhúsnæðis verði jafnara. Leiðarljós í þessari vinnu hefur verið að slá ekki af þeim kröfum sem settar eru fram í aðalskipulagi, varðandi gæði í hinu byggða umhverfi og umhverfisáhrif uppbyggingar. Vanda þarf til verka þegar fjárfest er í nýrri íbúðarbyggð og mikilvægt að íbúðarhúsnæði fyrir alla félagshópa rísi í sjálfbærum hverfum, umhverfislega sem og félagslega.

Í byrjun árs 2023 var gerður húsnæðissáttmáli milli Reykjavíkurborgar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og innviðaráðuneytis um aukið framboð íbúða til næstu 10 ára og aukið vægi húsnæðis sem nýtur stuðnings og er hagkvæmt og vistvænt. Samkvæmt honum er gert ráð fyrir mun kröftugri uppbyggingu íbúða en áður var ráðgert og er markmiðið að árlega verði byggðar 1.600 íbúðir, að meðaltali, til ársins 2033. Í sáttmálanum segir jafnframt að hlutfall hagkvæmra, vistvænna og félagslegra íbúða skuli nema 35% af heildaruppbyggingunni á tímabilinu. Það þýðir að Reykjavíkurborg stefnir að því að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu allt að 5.600 hagkvæmra íbúða og húsnæðis á félagslegum grunni á umræddu tímabili og skuldbindur ríkið sig til að leggja til fjármuni í húsnæðisstuðning í samræmi við það markmið. Jafnframt segir þar að á löndum í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar nemi þetta hlutfall minnst 40% af uppbyggingu og verði lóðum á viðkomandi svæðum úthlutað á hóflegu verði.

Uppbygging íbúðarhúsnæðis í landi Keldna er mikilvægur liður í því að markmiðum í húsnæðismálum verði náð, sbr. *Húsnæðisáætlun 2024-2033*, húsnæðissáttmálinn frá 2023 (sbr. einnig lífskjarasamningarnir frá 2019), auk þess að framfylgja markmiðum samgöngusáttmálans (uppfærsla, ágúst 2024).



Í *Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2024-2033* (desember 2024) er gert ráð fyrir að um 2.400 íbúðir komi til úthlutunar í landi Keldna á tímabili áætlunar. Til samanburðar er gert ráð fyrir að um 4.300 íbúðir komi til úthlutunar í Ártúnshöfða. Húsnæðisáætlunin verður uppfærð fyrir lok þessa árs en gert er ráð fyrir árlegri endurskoðun hennar.

„Framboð íbúðarhúsnæðis verði nægjanlegt og í góðum takti við þarfir á hverjum tíma, þannig að auknum stöðugleika og jafnvægi verði náð á húsnæðismarkaði. Leitast verður við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta og húsnæðisöryggi fyrir alla félagshópa.“

Húsnæðisáætlun Reykjavíkur 2024-2033, bls. 14

Meginforsendur og gildandi áætlanir

3.5. Gildandi aðalskipulagsákvæði í landi Keldna og Keldnaholti

3.5.1. Íbúðarhverfi og gæði byggðar

Markmið *Aðalskipulags Reykjavíkur 2040* er að skapa sjálfbær, heilbrigð og fjölbreytt borgarhverfi þar sem allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Próaðar verði sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, öflugri verslun og þjónustu, íþrótta- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Dagleg verslun og þjónusta séu í sem mestri nálægð við íbúana og fólk geti notað virka ferðamáta til að sækja þjónustu innan hverfisins. Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir. Íbúar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningsrýmum og skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.

- Skólahverfið verði áfram grunnforsenda í skipulagi íbúðarhverfa borgarinnar.
- Innan íbúðarbyggðar verði ákveðnir kjarnar festir í sessi til að tryggja verslun og þjónustu innan hverfanna.
- Félagsleg blöndun og fjölbreytni verði ávallt leiðarljós við skipulagningu nýrra hverfa og húsnæðisframboð verði með þeim hætti að sem flestir geti flutt innan hverfis þegar stækka eða minnka þarf við sig húsnæði.
- Við skipulagningu og hönnun íbúðarbyggðar verði gæði húsnæðisins og nærumhverfis þess í fyrirrúmi. Í því samhengi þarf m.a. að horfa til stærða íbúða fyrir mismunandi fjölskyldugerðir og sambýlisform, birtuskilyrða, dagsbirtu, hljóðgæða og loftgæða í íbúðum, sem og inngörðum og nærumhverfi húsnæðisins, hæðar bygginga og fjarlægða milli þeirra, dýptar húsbygginga og hlutfalls útsvæða til leiks og dvalar þar sem sólar nýtur bróðurpart dags. Í þéttri og samfelldri byggð, s.s. randbyggð, verði horft til þess að gera hóflega forgarða þar sem því verður við komið.

- Visthæfar og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt leiðarljós við móttun nýrrar íbúðarbyggðar, hvort sem hún rís innan hefðbundinna íbúðarhverfa eða á blönduðum svæðum. Tryggt verði að byggðin og umhverfið milli húsanna beri með sér grænt og manneskjulegt yfirbragð. Gætt verði sérstaklega að blágrænum yfirborðslausnum, að gegndræpi yfirborðs minnki ekki, að lágmarkshlutfall lóðar sé gróður- og dvalarsvæði og þess gætt að við uppbyggingu verði ekki gengið á gróskumikil gróðursvæði sem eru til staðar.
- Mælt er með því að meira en helmingur leiksvæðis barna og annarra dvalarsvæða utandyra, innan lóða sem og á sameiginlegum svæðum, geti notið sólar að lágmarki í 5 klukkustundir þann 1. maí (milli kl. 09 og 17). Mögulegt er þó að víkja frá þessu viðmiði ef sýnt er fram á nálægð við vönduð og sólrík útsvæði í næsta nágrenni.
- Leitast verði við að tryggja náíð samspil bygginga og almenningsrýma svo og íbúða og inngarða; að byggingin og inngangar hennar séu í nánnum tengslum við virk almenningsrými, s.s. með því að láta byggingu mæta gangstétt í göturýminu, einkarými og almenningsrými séu almennt í nánnum tengslum, s.s. með opnum inngörðum í randbyggð og almennum umferðarleiðum um sameiginleg útirými á fjölbýlishúsalóðum, og að jafnan góð sjónræn tengsl séu milli íbúða og leiksvæða.
- Í þéttri og samfelldri byggð, s.s. randbyggð, verði hugað sérstaklega að gróðursvæðum í gatnarýminu, til dæmis með hóflegum forgörðum þar sem því verður við komið.
- Við hönnun íbúðarhúsnæðis verði tryggð fjölbreytni í yfirbragði, áferð, hæðum húsa og uppbroti bygginga og gæði og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt höfð að leiðarljósi.



„Reynsla síðustu ára í mörgum borgum á Vesturlöndum sýnir að auðvelt er að ná fram öllum þeim umhverfisgæðum sem við sækjumst eftir í þéttri og blandaðri borgarbyggð. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér og því er mikilvægt að setja fram ákveðin markmið og viðmið í aðalskipulag um lágmarksgæði við hönnun nýrrar íbúðarbyggðar og umhverfisins milli húsanna.“

Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.5.2. Þróunarsinn Örfirisey-Keldur og Borgarlína

Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2030* (2014) var sett fram ákveðin sýn um þróun þéttar og blandaðrar byggðar meðfram vistvænum samgönguási, sem teygði sig frá miðborginni, austur eftir Suðurlandsbraut og að landi Keldna og Keldnaholti. Drög að þeirri sýn hafði áður verið sett fram í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2024* (2003). Þessi sýn, ásamt öðrum þróunarsáttum til suðurs frá miðborginni yfir á Kársnes, var ákveðin undanfari stefnunnar um Borgarlínuna í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og birtist nú í framkvæmdaáætlun um fyrsta áfanga hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu (Hamraborg-Ártún) og flýtingu á framkvæmdum við Borgarlínu frá Ártúni í Keldnaholt.



Mynd 5. Örfirisey-Keldur – þróunarsinn

„Hugmyndin er að þróunarsinninn verði smám saman heildstæð breiðgata sem liggur eftir endilöngu Nesinu, nokkurs konar línuleg miðborg. Þétt blönduð byggð hverfist um ásinn í þægilegri göngufjarlægð frá biðstöðvum almenningssamgangna. Sambærilegur þróunarsinn á síðan að liggja til suðurs frá miðborginni, um Vatnsmýri, og yfir á Kársnes í Kópavogi. Fyrsta lota framkvæmda við Borgarlínu, frá Ártúnshöfða að Hamraborg, tekur mið af umræddum þróunarsinum.“

Megin forsendur og gildandi áætlanir


3.5.3. Landnotkun. Miðsvæðin M4c og M4d og markmið um atvinnuþróun

Miðborg og nokkur miðsvæði eru skilgreind sem meginkjarni (sbr. hugtakið landskjarni samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins). Þar er starfsemi sem þjónar landinu í heild sinni, stjórnýsla ríkisins, ráðuneyti, stjórnýslu- og menningarstofnanir, mennta- og heilbrigðisstofnanir og höfuðstöðvar verslunar og viðskipta. Auk þess að þjóna öllu landinu er meginkjarna ætlað að þjóna nærliggjandi svæðum, borgarhlutum og hverfum. Svæði innan meginkjarna eru nefnd M1 og M2. Þau mynda ásamt svæðum M3 og M4 þróunarástinn Örfirisey-Keldur.

Eftirfarandi skilgreining gildir um landnotkun í Keldum og Keldnaholti:

M4. Keldur-Keldnaholt (c, d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótelum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði M4a, vestan Breiðhöfða, eru íbúðir heimilar, einkum á efri hæðum. Á svæði M4c (Keldur) er þó gert ráð fyrir íbúðarbyggð og tilheyrandi hverfiskjarna og samfélagsþjónustu. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi.

Í almennri sýn um atvinnuþróun í Reykjavík er gert ráð fyrir því að á miðvæðum meðfram Vesturlandsvegi, rísi blönduð atvinnustarfsemi; verslun, þjónusta, skrifstofur, heildsölur og léttur iðnaður (sjá *Skapandi borg*, AR2040, bls. 29)



Mynd 6. Land Keldna og Keldnaholts er skilgreint sem miðsvæði (M4c, M4d) í AR2040. Syðsti hluti lands Keldna, Nónholt, tilheyrir þó miðsvæðinu M4b. Miðsvæðin M1-M4 mynda þróunarástinn Örfirisey-Keldur.

	Stærð ha	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning byggingarmagns*
Miðborg (M1a-M1c)	87,0	660.000	140.000
Holt-Laugavegur (M2a, M2b)	13,0	107.000	10.000
Múlar-Suðurlandsbraut (M2c, d, e, f)	48,0	325.000	30.000
Suðurlandsbraut-Laugardalur (M2g)	4,0	0	30.000
Skeifan-Sogamyri (M3a, M3b)	33,8	126.000	15.000
Höfðar (M4a)	44,3	147.000	80.000
Höfðar (M4b)	46,8	90.000	70.000
Keldur (M4c)	65,7	4.800	50.000
Keldnaholt (M4d)	34,5	11.400	100.000
Vísindagarðar-Fluggarðar (M5a)	25,2	55.000	40.000
BSI-reitur (M5b)	5,7	2.000	30.000
Háskólinn í Reykjavík (M5c)	14,5	30.000	115.000
Hlíðarendi (M5d)	13,4	0	35.000
LSH-Hringbraut (M5e)	2,0	0	

Hluti töflu 6.1 (bls. 99) er sýnir áætlaða aukningu atvinnuhúsnæðis á miðsvæðum í Reykjavík til ársins 2040. Í tilvikum Keldna og Keldnaholt er ekki gert ráð fyrir að svæðin verði fullbyggð varðandi atvinnuhúsnæði árið 2040.


„Flest ný störf verði staðsett innan vaxtarmarka þéttbýlis og einkum á miðlægum svæðum sem þjónað er af Borgarlínu og strætisvagnþjónustu með hárrí ferðatíðni. Yfir 90% starfa í Reykjavík verði innan vaxtarmarka árið 2040 og 80% nýrra starfa til ársins 2040 verði við Borgarlínu.“

Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.5.4. Gæði byggðar, þéttleiki og hæðir húsa

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að byggð í Keldum verði almennt 5 hæðir eða lægri, en næst Vesturlandsvegi er heimilt að byggja hærra eða 5-8 hæðir. Í Keldnaholti, sem er ráðgert fyrir atvinnustarfsemi í gildandi stefnu, er heimilt byggja 5-8 hæða byggingar. Samkvæmt almennum þéttleikaviðmiðum aðalskipulagsins (sjá tafla 3.2., bls. 86), þá eru miðsvæðin á Keldum og í Keldnaholti í nýtingarflokki I-III, vegna nálægðar við hágæða almenningsamgöngur (flokkur III) og vegna þess að svæðin eru hluti af þróunarsnum (miðsvæði M1-M4) sem gera ráð fyrir þéttri blandaðri byggð (flokkur I-II).

Endanleg ákvörðun um hæðir húsa og byggingarmagn er þó ávallt háð mati sem fer fram við gerð deiliskipulags, sbr. markmið um gæði byggðar sjá kafla 3.5.1. hér á undan og almennt kafla 3.6 í gildandi aðalskipulagi (bls. 86-90). Þar segir m.a.: „Stefna og viðmið aðalskipulags um þéttleika byggðar og byggingarmagn gefa einvörðungu til kynna mögulega hámarksnýtingu svæða. Endanleg ákvörðun um magn bygginga, fjölda íbúða, hæðir húsa og þéttleika á einstökum svæðum er ávallt tekin við gerð deiliskipulags, með tilliti til meginmarkmiða aðalskipulags um sjálfbæra þróun og gæði byggðar, að undangengnu kynningar- og samráðsferli og mati á umhverfisáhrifum og með sérstöku tilliti til þeirra viðmiða og ákvæða sem sett er fram“ í viðkomandi köflum 3.6.1–3.6.4.



Mynd 7. Stefna um hæðir húsa í gildandi aðalskipulagi.

Flokkur nýtingar	Svæðisrýting**	Áhrifsvæði almenningsamgangna (fjarlægð frá bíðstöðum)†	Blönduð byggð. Nálægð íbúðarbyggðar við fjölbreytta atvinnukjarna.***
I	> 1,5 Það samsvavar um 150 íbúðum á ha svæðis eða meira.	Innan við 150 m frá S1 stöð	Landskjarni (sbr. svæðis skipulag) og miðleg miðsvæði með blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi, miðsvæði M1–4 (þ.m.t. svæði M26 og M27), M5–M8 og önnur samgöngumiðuð svæði (sbr. skilgreining svæðis skipulaga) með blandaðri og fjölbreyttri byggð íbúða, þjónustu og atvinnustarfsemi.
II	1,2–1,5 Það samsvavar um 120 til 150 íbúðum á ha svæðis.	150–300 m frá S1 stöð 0–150 m frá S2 stöð	Önnur miðsvæði þar sem lögð er áhersla á blöndun íbúða og atvinnustarfsemi.
III	0,6–1,2 Það samsvavar um 60 til 120 íbúðum á ha svæðis.	300–600 m frá S1 stöð 150–600 m frá S2 stöð 0–400 m frá S3 stöð	
IV	0,4–0,6 Það samsvavar um 40 til 60 íbúðum á ha svæðis.	400–600 m frá S3 stöð Innan við 400 m frá S4 stöð	
V	Yfirbragð og þéttleiki byggðar taki mið af nærliggjandi byggð.	Önnur svæði utan ofangreindra áhrifsvæða.	


Hluti töflu 3.2 (bls. 86). Almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu í borginni, annars vegar vegna nálægðar við almenningsamgöngur og hins vegar vegna nálægðar við fjölbreyttan atvinnukjarna. Samþykkt deiliskipulags á svæðum sem njóta hærra nýtingarhlutfalls vegna nálægðar við stöðvar Borgarlínu er háð því að fyrir liggi tímasett áætlun um framkvæmdir við Borgarlínu á viðkomandi leið.

„Það er sennilega auðvelt að sammælast um þau umhverfisgæði sem við viljum ná fram og tryggja að allir geti notið innan íbúðarbyggðar. Það eru gömul sannindi og ný að hreint loft, góð dagsbirta og nægt sólarljós, góð loftræsting, útsýni til náttúrunnar og nálægð við fallegan og gróskumikinn gróður gerir okkur gott líkamlega og andlega og eflir lýðheilsuna. Það sama gerir umhverfi sem er jafnan friðsælt, kyrrlátt og öruggt. Í hinni sögulegu orðræðu var lengi vel litið svo á að erfitt væri að skapa slík gæði í þéttri og blandaðri byggð. En lýðheilsan er vitanlega einnig háð því að umhverfið sé lifandi, viðburðaríkt og iði helst af mannlífi og fjölbreytt verslun, þjónusta, starfsemi og almenningsrými séu innan hverfisins eða í allra næsta nágrenni.“

Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.5.5. Uppbyggingarreitur fyrir íbúðarbyggð og blandaða byggð í landi Keldna


Keldur eru skilgreindar sem reitur nr. 89, þar sem heimilt er að þróa íbúðarbyggð og blandaða byggð á skipulagstímabilinu til 2040. Í Keldnaholt eru hinsvegar ekki skilgreindur sérstakur reitur vegna þróunar íbúðarbyggðar eða blandaðrar byggðar, heldur fyrst og fremst gert ráð fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu, sjá kafla 3.5.3.



Mynd 8. Skilgreindir reitir fyrir íbúðarbyggð og blandað byggð í AR2040. Í aðalskipulaginu er sett fram það markmið að 80% nýrra íbúða og 80% nýrra starfa rísi í grennd við Borgarlínu og biðstöðvar hennar. Þróun íbúðarbyggðar í landi Keldna er mikilvægur liður í því að því markmiði verði náð. Í AR2040 segir enn fremur að 80% nýrra íbúða rísi í grennd við öflugan atvinnukjarna. Því er mikilvægt að í landi Keldna og Keldnaholts rísi öflugir atvinnukjarnar í grennd við biðstöðvar Borgarlínu og samgönguhús (mobility hub, bílastæðahús).

3.5.6. Borgarlína og almenningssamgöngur

Borgarlína og stefna um hágæða almenningssamgöngur er staðfest í AR2040, sbr. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis. Nánari útfærsla Borgarlínu og viðeigandi hönnunarviðmið frá Hamraborg að Ártúnshöfða liggja nú fyrir í samþykktri tillögu að rammahluta aðalskipulagi, sem fer í kynningu á næstunni. Í undirbúningi og í tengslum við skipulag Keldna er nánari hönnun fyrir næsta áfanga Borgarlínu, frá Ártúnshöfða að Keldnaholti. Sjá nánar kafla 4.3.



Mynd 9. Meginleiðir almenningssamgangna og Borgarlínu, ásamt helstu þróunarsvæðum. Á myndinni eru sýndar nýjar tengingar yfir Fossvog og Elliðaárvog. Almenningsvagnar á þessum leiðum verða í forgangi í umferðinni og á leiðum borgarlínu aka vagnar einkum í sérrými.

„Að uppbygging sjálfbærra borgarhverfa og vistvænna samgöngunnviða haldist í hendur. Ákvarðanir í húsnæðismálum og samgöngumálum verði ávallt rækilega samfléttaðar. Nálægð við almenningssamgöngur, vistvænna samgöngunnviði og fjölbreytta atvinnukjarna verði lögð til grundvallar við mat á þéttleika og yfirbragði íbúðarbyggðar á nýjum byggingarsvæðum.“

AR2040, bls. 25

„Að skapa sjálfbær og heilbrigð borgarhverfi þar sem allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Þróaðar verði sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, öflugri verslun og þjónustu, íþrótt- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir.“

AR2040, bls. 24


Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.5.7. Reglur um bíla- og hjólastæði

Í aðalskipulaginu eru ekki sett fram bindandi ákvæði eða nákvæmar reglur um fjölda bíla- eða hjólastæði, gjaldskyldu eða aðra gjaldtöku vegna stæða fyrir farartæki. Reglur um slíkt verði á hverjum tíma samþykktar í borgarstjórn og umhverfis- og skipulagsráði, svo og aðferðir við hvernig meta skuli þörfina.

Í hverfis- og/eða deiliskipulagi og almennt vegna nýrrar uppbyggingar skal meta þörfina og ákvarða fjölda bíla- og hjólastæða í samræmi við samþykktu stefnumörkun borgarstjórnar og reglur henni tengdar. Beita skal samgöngumati þegar um meiri háttar uppbyggingu er að ræða, sbr. ákvæði þar um í umræddum reglum. Sjá *Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík. Bíla- og hjólastæðastefna, 2019 m.s.br.*

Ljóst er að uppbygging í landi Keldna mun kalla á sérstakt samgöngumat og mögulega verða sett sérstæk bíla- og hjólastæðaákvæði sem munu gilda um skipulag í landi Keldna.



Mynd 10. Svæðisskipting vegna bíla- og hjólastæðareglna í Reykjavík.

KRÖFUR UM FJÖLDA BÍLA- OG HJÓLASTÆÐA Í REYKJAVÍK						
		BÍLASTÆÐI				HJÓLASTÆÐI
		SVÆÐI I		SVÆÐI II		SVÆÐI I og II
		Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark	
ÍBÚÐARHÚSNÆÐI		(stæði/íbúð)				
Fjölbýlissérbylí ¹	1 herbergi	0,25	0,75	0,5	1	2
	2 herbergi	0,5	0,75	0,75	1	
	3 herbergi	0,75	1	1	1,5	
	4+ herbergi	0,75	1	1	1,5	
	Gestir	0,1 pr. íbúð		0,1 pr. íbúð		-
Námsmannaiðbúðir ²	1-2 herbergi	0	0,2	0,2	0,5	1-2
	3 herbergi	0	0,2	0,2	1	2
	4+ herbergi	0	0,4	0,4	1	
Hjúkrunar- og dvalarheimili ³	Miða við 0,1 gestastæði pr. rúm. Fjöldi starfsmannastæða skal meta hverju sinni.					

Að ofan eru almenn viðmið sem gilda um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík, sbr. svæðisskipting á mynd 10. Sjá nánar um reglur fyrir atvinnuhúsnæði, https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-03/reglur-um-fjolda-bila-og-hjolaetaeda_2024.pdf

„Skilyrði og kröfur um fjölda bílastæða taki ávallt mið af stöðu viðkomandi svæðis í borginni, staðsetningu, gerð húsnæðis og hlutverki svæðis og hversu vel því er þjónað af vistvænum samgöngumátum..“

Megin forsendur og gildandi áætlanir


3.4.8. Opin svæði, verndarsvæði og stígakerfi

Í forsendugreiningu ALTA-ráðgjafar segir eftirfarandi um svæði með verndargildi í Keldnalandi (bls. 39): „Leirurnar í Grafarvogi voru settar á Náttúruminjaskrá 1981 þar sem þær eru einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu. Leirurnar eru nú í friðlýsingarferli þar sem að horft er til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Grafarvogs og líffræðilega fjölbreytni hans, þ.m.t. mikilvægar fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og óspillta leiru. Úlfarsá/Korpa frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er einnig á náttúruminjaskrá. Hún þykir fögur og góð laxveiðiá með gróna valllendisbakka.“

Grafarvogur og nágrenni og Korpa eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í AR2040 (bls. 112):

„HV7 Grafarvogur: Leirur sem ekki hefur verið raskað, auðugt fuglalíf, fjölbreytt landslag. Hér er ein af fáum leirum sem ekki hefur verið raskað á höfuðborgarsvæðinu og hefur hún mikla þýðingu fyrir fuglalíf á Innnesjum. Vaðfuglar, máfar og endur nýta voginn allt árið. Á farta á vorin halda þúsundir fugla þar til. Stórgrýtt urð norðan í Ártúnsholti (Innriurð) setur mikinn svip á umhverfið og er þakin mosum og hrúðurfléttum. Mólendisræman umhverfis voginn hýsir fjölda plöntutegunda. Grafarlækur er straumharður og vatnið tært og á engan sinn líka í borgarlandinu. Merkar ísaldarminjar er að finna í Grafargili.“

HV12 Korpa vestan Vesturlandsvegur: Lífríki árinna, umhverfi, votlendi og fuglalíf. Áin flæðir reglulega yfir bakka sína í leysingum og hefur það mótandi áhrif á lífríki svæðisins. Votlendi er víða við ána en einnig finnst graslendi, tún, mólendi, melar og flög. Þéttar fuglabyggðir eru við Úlfarsá/Korpu og er 51 fuglategund skráð við ána, þar af 25 reglulegir varpfluglar. Mikið er um mink á svæðinu og nærast hann á fugli og fiski.“



Mynd 11. Hverfisverndarsvæði í Grafarvogi (HV7) og við Korpu (HV12) og opin svæði í landi Keldna samkvæmt aðalskipulagi, sett í samhengi við skilgreind landnotkunarsvæði (hvít) og afmörkun uppbyggingarsvæðis samkvæmt fyrirbyggjandi vinningstillögu.


Megin forsendur og gildandi áætlanir

3.6. Niðurstöður samkeppni og vinningstillaga FOJAB

Gert er ráð fyrir að vinningstillaga FOJAB (sjá Viðauki 8.4) verði leiðarljós við mótun valkosta um þróun byggðar á svæðinu. Ýmis atriði í fyrirbyggjandi tillögu þarfnast þó nánari rýni og útfærslu og að mikilvægt er að tryggja gott samráð við frekari mótun skipulags á svæðinu. Í megin atriðum er tillaga FOJAB þó í samræmi við lykil markmið og skipulagsákvæði gildandi aðalskipulags, m.a. varðandi yfirbragð og þéttleika byggðar, hvernig byggðin fléttast meðfram væntanlegum borgarlínuás, blöndun byggðar og hvernig tillit er tekið til aðliggjandi náttúrusvæða og sögunnar. Í raun eru settar fram tvær tillögur hvað varðar umfang byggðar, eins og óskað var eftir í samkeppninni. Annars vegar er lögð fram tillaga sem gerir ráð hverfum þar sem byggju 11-12 þúsund íbúar og til staðar væru um 7-8 þúsund störf. Í þeirri tillögu yrði byggðin almennt um 3-5 hæðir. Valkosturinn við þessa tillögu gerir hinsvegar ráð fyrir 4-6 hæða byggð, en sambærilegu fótspori byggðar, þar sem íbúafjöldinn gæti farið yfir 15 þúsund og störfin yrði yfir 8 þúsund. Sjá nánar um vinningstillögu í Viðauka 8.4.



Mynd 12. Vinningstillaga FOJAB, yfirlitsmynd sem lýsir helstu dráttum í skipulagi (sjá nánar Viðauka 8.4)



Mynd 13. Fótspor þéttbýlissvæða samkvæmt vinningstillögu og landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Fyrirbyggjandi tillaga gefur fyrirheit um að mögulegt verði að auka við opin græn svæði, verndarsvæði og almenningsrými í landi Keldna, frá því sem áður var áformað.

„Sýnd er staðarmótun sem hæfir staðsetningunni og skírskotar til staðháttu, með fjölbreyttum ráðstöfunum til að setja aðlaðandi svip. Heildin ætti að geta lagt grunn að sérstæðu hverfi þar sem gott er að búa. Meðal annars er stungið upp á vistlaug (eco-pool) sem er ef til vill ekki alveg raunhæf vegna sjávarfallanna en hún gæti verið táknræn fyrir aðrar gáskafullar hugdettur“

Úr umsögn dómnefndar um vinningstillögu, haustið 2023.

Megin forsendur og gildandi áætlanir


3.7. Áhrifasvæði Borgarlínu og önnur landnotkunarsvæði

From the start, we're cultivating spaces for all: raised beds in courtyards or front yards, shared neighbourhood plots for urban

farming and larger outer areas dedicated to more extensive food production.

Landmark Investments in Phase One

The Art, Science and Recreation Loop, the square, school, and sports facilities take centre stage. The Eco-pool stands as the primary recreational destination, with public engagement at its core. As our journey unfolds, a

4.12 PHASING



Phase 1 - The Canal Quarters

Phase 2 - The Hilltop Neighbourhood

Phase 3 - The River District

Landscape Laboratory is initiated, and communities unite to plant trees across the entire expanse. Local cultivation spaces sprout, offering sustenance for existing and new residents alike. Join us in embracing a future where accessibility, sustainability and unity are at the heart of it all.

Flexible Development

The flexible block structure allows a project development over time considering commercial and demographic situation. The area's attractiveness is already in place in phase 1, regardless of further development.



Attractions in the first phase: playgrounds, allotments and The Art, Science and Recreation Loop.

Structural Plan



The River District

The Hilltop Neighbourhood

The Canal Quarters

Legend

- 1 The Art, Science and Recreation Loop
- 2 The Landscape Laboratory and Display Labs
- 3 Schools
- 4 The Canal Square
- 5 The Hilltop Square
- 6 The River Square
- 7 Eco Bridge for people and animals
- 8 Art Pavilions (see the orange forms along the Loop)
- 9 The Science Laboratory
- 10 The Iconic Eco-Pool and Bath house
- 11 The Culture Street



Scale 1:10 000 (A4)


Welcome to Keldur!

A New Part of Reykjavik

The Borgarlína bus street is the backbone of the proposal and the proximity to the city centre as well as other target points are crucial to the overall integration. The concept of a robust block structure is flexible and resilience to uncertain evolution, such as demographic change and the relationship between work and home. The proposal offers an efficient land use where green urban qualities are very well integrated.

On a district level integration is enabled through local food production and testbed opportunities. Adjacent areas benefits from the districts vibrant city life as well as attractive schools, social services and sport facilities.

The three Borgarlína stations in Keldur starts the new era of Reykjavik development where the capital region in total is better connected with public transport as the first choice!



Conceptual sketch showing the overall integration of the area, to the city centre as well as adjacent areas.

4.14 VISUALIZATIONS



The Canal Quarters

The proposal includes a dense, human-scale urban structure with proximity to fantastic recreation, art and science. Signature Buildings like the Eco-Pool, The Art Pavilions and Schools stand out as landmarks and link Keldur with existing areas.

4.14 VISUALIZATIONS

Come Ice-skating at the River District Square!

The bus station are the main target points of the proposal where the public transport is prioritized. The squares are framed with dynamic ground floors such as commerce and social services. The public space itself is programmed with different activities through all seasons. There are great places to just sit and enjoy the sun as well as play. This particular place is activated with the Science Laboratory Centre - a public visitor centre that is part of the University.



4.14 VISUALIZATIONS

Local Artists Hanging out at The Brewery and the Cultural Street

The characteristic existing buildings are transformed into a great meeting spot for artists, residents and visitors. This small-scale urban node becomes an attractive place with greenery and water features for temporary installations, festivals and beer testing.

The topography offer fantastic urban qualities with a public library situated in the steepest part of the hill. For better accessibility between the Canal Quarters and The Hilltop Neighbourhood an interior elevator is proposed as an addition to exterior ramps.



4.14 VISUALIZATIONS

An Overview of the Keldur Site and its Three Unique Characteristics

Within Keldur, the topography is striking and has shaped the layout, resulting in three distinct neighbourhoods, each with its own unique character. The architecture derives insight from the special nature, landscape and existing structures, including the university, to create a distinctive and appealing ambiance.




KRAFTING KELDUR


Where Art, Science & Recreation Unite



The Brewery and the Culture Street: Existing buildings integrated and transformed into the new urban structure.



Dense clusters along Borgarlína - the connecting spine



Close attractive green-blue structure



Sustainable everyday life with zero CO₂ footprint

CONCEPT

- Keldur - a carbon-neutral development. A role-model development for Iceland.
- From nature with love, keep & strengthen blue green corridors,
- A dense, urban, climate neutral structure with premium qualities. In total 11 600 new inhabitants in scenario 1.
- Distinct clusters of buildings that enhance the existing landscape as well as the cultural and natural heritage.
- Sustainable Daily Life through Borgarlína-s public transportation and the proximity to services and recreation.

HOW

- The proposal prioritizes cycling and walking within the area reducing private car use.
- Connected road network with the surroundings and of Reykjavik.
- A phasing strategy that supports the Borgarlína development: each phase is developed starting close to the bus station.
- A landmark or anchor investment that establishes the area's image in each phase.
- Flexible block structure that allows adaptation to different demographics and commercial demand
- A strategic role for the first phase, with future qualities and amenities to make the new urban quarter attractive from the very beginning.
- The Power of 10+ is applied as a strong placemaking strategy to diversify activities.

4.15 THREE OVERVIEW PAGES (SUMMARY)

The Structural Plan of the proposed development of Keldur.



The River District

The Hilltop Neighbourhood

The Canal Quarters

Legend


- 1 The Art, Science and Recreation Loop
- 2 The Landscape Laboratory and Display Labs
- 3 Schools
- 4 The Canal Square
- 5 The Hilltop Square
- 6 The River Square
- 7 Eco Bridge for people and animals
- 8 Art Pavilions (see the orange forms along the Loop)
- 9 The Science Laboratory
- 10 The Iconic Eco-Pool and Bath house
- 11 The Culture Street



Scale 1:10 000 (A4)

4.15 THREE OVERVIEW PAGES (SUMMARY)

A dense urban structure with premium urban qualities, 3-5 storeys high, where the Borgarlina street is the backbone of the proposal.



The Eco-pool at Waterfront of the Canal Quarters.



Ice-skating at River Square before taking the bus to Reyjkavik.



"Let's go to The Eco-pool after work!"

"Yes! And then we could check out the new art at The Brewery!"

One Neighbourhood Common per each 3-6 blocks.

Keldur og nágrenni

8.5. Forsendugreining ALTA-ráðgjafa, 2021





BETRI
SAMGÖNGUR

ATA

Keldnaland

Forsendugreining fyrir gerð
rammaskipulags

Nóvember 2021





Keldnaland - Forsendugreining fyrir gerð rammaskipulags

Unnið af Alta fyrir Betri samgöngur ohf.

www.alta.is

Efnisyfirlit

Formáli	5	3 Byggt á einstakri náttúru og sögu	39
Inngangur	7	3.1 Landslag holta og hæða	39
Land ríkisins	9	3.2 Verndarsvæði	41
1 Þétt og lifandi byggð við Borgarlínu	15	3.3 Líffræðilegur fjölbreytileiki	42
1.1 Áhrif Borgarlínu á skipulag	15	3.4 Gróður	43
1.2 Hvað er Borgarlína?	17	3.5 Sérstæð saga	44
1.3 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	18	3.6 Tilraunastöðin að Keldum	46
1.4 Hönnunarforsendur Borgarlínu	19	3.7 Starfsemi á Keldnaholti	48
1.5 Keldnaland í víðara samhengi	20	4 Fjölbreytt og aðlaðandi byggð	51
1.6 Próunarsvæði í Reykjavík	21	4.1 Landnotkun og starfsemi	51
1.7 Atvinnusvæði í Reykjavík	22	4.2 Fjölbreytt byggð	53
1.8 Landnokun í aðalskipulagi	23	4.3 Gæði byggðar	53
1.9 Gildandi deiliskipulag	24	4.4 Sól og skjól	54
1.10 Skipulag á aðliggjandi svæðum	24	4.5 Byggð í halla	54
2 Vistvænt og heilsueflandi hverfi	27	4.6 Hljóðvist	55
2.1 Vistvænir innviðir	27	4.7 Mismunandi húsagerðir	56
2.2 Tengingar	29	4.8 Ólíkir þjóðfélagshópar	56
2.3 Bíla- og hjólastæðakröfur	31	5 Tækifæri og áskoranir	59
2.4 Aðliggjandi byggð	32	Helstu punktar úr forsendugreiningu og samráði	59
2.5 Verslun og þjónusta	33	5.1 Tækifæri	59
2.6 Stofnanir	34	5.2 Áskoranir	59
2.7 Veitur og aðrir innviðir	35	Heimildaskrá	73
2.8 Blágrænar ofanvatnslausnir	36		



Formáli

Forsendugreiningin er fyrsta skrefið í vinnu við skipulag á Keldnalandi og mun koma að góðu gagni í áframhaldandi skipulagsvinnu. Skjalið á að nýtast breiðum hópi hagaðila og þeim sem koma til með að vinna áframhaldandi skipulag og hönnun á svæðinu.

Þetta skjal inniheldur forsendugreiningu fyrir skipulag á Keldnalandi, sem skiptist í þrjú svæði: Keldur, Keldnaholt og ræktarland RALA við sveitarfélagamörk við Mosfellsbæ. Forsendugreiningin fjallar um pólitíska stefnu og skipulag sem fyrir liggur varðandi Borgarlínu og uppbyggingu á Keldnalandi auk náttúrufars- og samfélagslegra upplýsinga sem til eru um Keldnaland og nágrenni þess. Byggt á þessari greiningu hafa verið settar af stað frekari rannsóknir á náttúrufarslegum þáttum á svæðinu, sem nauðsynlegar eru fyrir skipulag og uppbyggingu á svæðinu, s.s. fornleifa- og húsakönnun, náttúrufarsrannsóknir og rannsóknir á jarðvegsdýpt, vatnafari, lekt o.fl.

Á grundvelli þessara greininga er stefnt að því að vinna rammaskipulag fyrir svæðið í kringum Keldur og Keldnaholt, sem síðan verður skipt upp í nokkur deiliskipulagssvæði. Forsendugreiningin mun nýtast öllum þeim sem koma að ákvörðunum og skipulagi á svæðinu, s.s. Betri samgöngum, borgarstarfsmönnum, skipulagsráðgjöfum, starfsfólki ríkisstofnana, íbúum og öðrum hagaðilum á svæðinu. Markmiðið er að skjalið nýtist sem grunnur fyrir markvissa og farsæla ákvarðanatöku við skipulag og uppbyggingu aðlaðandi byggðar á Keldnalandi.



Inngangur


Á Keldnalandi er tækifæri til að efla byggð í austurhluta borgarinnar. Svæðið er bæði mikilvægur hlekkur til að tengja Grafarvoginn og aðliggjandi hverfi betur saman en um leið lykilpúsl í framtíðarþróun alls höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirhuguð lega Borgarlínu frá Reykjavík upp í Mosfellsbæ er helsta forsenda uppbyggingar á því svæði sem hér um ræðir. Í samgöngusáttmála milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skuldbindur ríkið sig til að leggja ríkislandið að Keldum inn í félagið og mun ábati af þróun þess renna til uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, þ.á.m. Borgarlínu. Oft hefur verið rætt um uppbyggingu á Keldnalandi en ekki talið æskilegt að auka bílaumferð um Miklubraut og því er Borgarlínan og vistvænt skipulag byggðar umhverfis hana nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að nýta Keldnalandið vel.

Mikil tækifæri felast í uppbyggingu á svo stóru svæði meðfram Borgarlínu með eldri byggð á báða bóga. Auk þess eru mikil náttúruleg gæði falin í Keldnalandi og merkilegar náttúruperlur og stórkostleg útivistarsvæði í næsta nágrenni. Þegar samgöngusáttmálinn var undirritaður árið 2019 var lögð áhersla á að flýta hluta af framkvæmdum 2. áfanga Borgarlínunnar sem fer um Keldnaland til Mosfellsbæjar þannig að hægt væri að hefja vinnu við skipulag uppbyggingar á Keldnalandi.

Samgöngusáttmáli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir skipulagssvæðið. Markmiðið er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stórefla almenningsamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga.

Úr samgöngusáttmálanum



RALA
B-3

Keldnaholt
A-1

Keldur

B-2

A-1

B-1

A-2

A-3

Land ríkisins

Betri samgöngur ohf. hafa það hlutverk að hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu og fjármögnun þeirra, þar á meðal innviða almenningsgangna. Fjármögnun þessarar uppbyggingar verður m.a. í gegnum sölu á landi ríkisins að Keldum. Auk landsins að Keldum (svæði A-2, A-3, B-1 og B-2 á mynd 1), á ríkið Keldnaholt (svæði A-1) og ræktarland Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA, B-3). Hér verður verður vísað til allra þessara svæða í heild sem Keldnaland.

Land ríkisins á þessum svæðum er samanlagt 136,8 ha að stærð. Verðmæti byggingarlands fer eftir almennum landkostum og staðsetningu en við það bætist skipulagshagnaður sem er m.a. háður byggingarmagni, gæðum þeirrar byggðar sem skipulag gerir ráð fyrir og hvernig til tekst í fyrstu áföngum uppbyggingar. Viðfangsefni Betri samgangna er að hámarka þennan skipulagshagnað með því að stuðla að mótnun aðlaðandi og eftirsóttar byggðar að Keldum þar sem tekið er tillit til umhverfis- og samfélagsþátta s.s. náttúrufars, landslags, almenningsrýma, lýðheilsu, lýðfræði og húsnæðismarkaðar.

Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á að tryggð verði félagsleg blöndun á svæðinu og vísar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna Lífskjarasamninganna þar sem sérstaklega er minnst á markmið um félagslega blöndun á Keldnalandi.



Horft yfir Grafarvog í átt til vesturs frá göngustíg á Keldum



Útlínur Keldnaland og Keldnaholts lagðar ofan á loftmynd af Vesturbæ, Miðbæ, Hlíðum og Laugardal.





Leiðarljós

Leiðarljós fyrir uppbyggingu á Keldnalandinu eru byggð á samtali við samráðshóp, sem skipaður er fulltrúum Betri samgangna og aðilum frá Reykjavíkurborg. Leiðarljósin eru ákveðin meginstef sem birtast í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur. Forsendugreiningin er kaflaskipt eftir leiðarljósum til þess að tryggja að bakgrunnsupplýsingar sem safnað er saman séu hnitmiðaðar og skili sér inn í áframhaldandi vinnu.



1. Þétt og lifandi byggð meðfram Borgarlínu
- Stefna, skipulag og stóru línurnar



2. Vistvænt og heilsueflandi hverfi
- Núverandi og nýir innviðir



3. Byggt á einstakri náttúru og sögu
- Mótun staðaranda



4. Fjölbreytt og aðlaðandi byggð
- Gæði byggðar, tegund húsnæðis og starfsemi



1 Þétt og lifandi byggð við Borgarlínu

Stefna, skipulag og stóru línurnar


Borgarlína er nauðsynleg forsenda uppbyggingar á Keldnalandi. Hún felur ekki einungis í sér hágæða-almenningsamgöngur í sérrými heldur er hún fyrst og fremst þróunarás með þétta og fjölbreytta byggð, sem kallar á nýja nálgun í skipulagi hér á landi.

1.1 Áhrif Borgarlínu á skipulag

Borgarlínan er hryggjarstykkið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur. Í svæðisskipulagi er lögð áhersla á hagkvæman vöxt höfuðborgarsvæðisins og að

nýrri byggð verði fyrst og fremst beint á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Það er þétt og fjölbreytt hverfi þar sem að vegalengdir eru stuttar og ýtt er undir notkun fjölbreyttra ferðamáta. Stefna ætti að því að borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins þar sem byggð og umhverfi er mótað út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.

Tillaga að endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem mun ná til ársins 2040 var samþykkt í borgarstjórn 19. október 2021. Markmiðið með endurskoðuninni er fyrst og fremst að samtvinna enn frekar uppbyggingu þéttar byggðar og vistvænna samgöngukerfa, s.s. Borgarlínu, stofnleiða Strætó bs, hjólastígakerfis og gönguleiða en gert er í núgildandi aðalskipulagi.



Innan 20 mínútna hverfisins verður gott framboð af fjölbreyttum húsakosti og öll helsta þjónusta. Miðað verður við að íbúar eigi ekki lengra að sækja í kjarna en sem nemur tuttugu mínútna göngu. Nærþjónusta dreifist víðar svo íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómstundastarfsemi og matvöruverslun innan 5-10 mínútna göngufjarlægðar (Mynd úr Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins).

Borgarlínuleið E

Miðborg - Mosfellbær

Gróflega áætluð leið



1.2 Hvað er Borgarlína?

Borgarlínan er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er svar við breyttum áherslum í skipulags- og loftslagsmálum. Gert er ráð fyrir að íbúar á höfuðborgarsvæðinu verði hátt í 300.000 árið 2040. Það er ljóst að ef ferðavenjur verða óbreyttar muni umferðartafir aukast verulega á þeim tíma, jafnvel þótt fjárfest verði í umtalsverðum umferðarmannvirkjum fyrir bíla. Því er nauðsynlegt að bjóða upp á fjölbreyttari samgönguvalkosti eins og Borgarlínu og bættar göngu- og hjólaleiðir.

Borgarlínan og Strætó munu saman mynda heildstætt net almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Stofnleiðir Strætó eru grunnurinn að Borgarlínuleiðum framtíðarinnar. Leið sem liggur í gegnum Keldnaland er skilgreind sem stofnleið. Mikil áhersla er á að stofnleiðir séu með háa tíðni, aki sem beinasta leið og þjóni svæðum þar sem þéttleiki byggðar er mikill þannig að farþegagrunnur leiðanna verði sem stærstur.

Gert er ráð fyrir að nýtt leiðanet verði innleitt árið 2024 og 2025 verða stofnleiðir A og B skilgreindar sem Borgarlínuleiðir. Stofnleið B liggur frá miðborg í Egilshöll um Gullinbrú.



Nýtt leiðanet almenningsgangna. Heimild: Frumdrög að fyrstu lotu Borgarlínunnar.

1.3 Þétt byggð meðfram Borgarlínu

Mikilvægt er að þétting byggðar eigi sér stað meðfram Borgarlínu til að tryggja að sem flestir búi og starfi með aðgengi að hágæða almenningsgangum. Einfaldasta leiðin til að bæta samgöngur og draga úr kostnaði vegna þeirra, er að stytta vegalengdir. Stutt í vinnuna, stutt út í búð, stutt í skólann og stutt í opin græn svæði og þangað sem sótt er þjónusta og afþreying. Mikilvægi þess að stytta vegalengdir og auðvelda fólki að komast milli staða endurspeglast í húsnæðisverði en mismunur á því eftir svæðum skýrist að stærstum hluta af samgöngukostnaðinum. En það eru margar aðrar ástæður fyrir því að þétta byggð.

Þétt byggð eins og við þekkjum flest úr eldri borgum Evrópu þykir almennt meira aðlaðandi og líflegri en dreifðari byggð. Þegar skoðaðar eru tölur yfir mismunandi þéttleika byggðar, þá sést strax að þétt byggð þarf alls ekki að vera háreist. Háhýsi taka mikið svæði í kringum sig og geta ekki staðið mjög þétt þannig að 3-4 hæða randbyggð þar sem hús standa þétt saman upp við götu getur verið jafnþétt eða jafnvel þéttari, talið í íbúðum á hektara eða byggingarmagni á tiltekinni lóð eða svæði. Þéttari byggð getur auk þess falið í sér að byggðar eru minni íbúðir og fólk búi smærra en það er auðveldara þar sem að er gott aðgengi að verslun, þjónustu, kaffihúsum, almenningsgördum o.s.frv.

Flokkur	Svæðisnýting	Fjarlægð frá biðstöð
A1	Yfir 1,5 Samsvarar um 150 íbúðum á ha svæðis eða meira	Innan við 150 m frá B1 stöð
A2	1,2 - 1,5 Samsvarar um 120 - 150 íbúðum á ha svæðis	150-300 m frá B1 stöð 0-150 m frá B2 stöð
B	0,6 - 1,2 Samsvarar um 60 - 120 íbúðum á ha svæðis	300-600 m frá B1 stöð 150-600 m frá B2 stöð 0-400 m frá B3/S1 stöð
C	0,4 - 0,6 Samsvarar um 40 - 60 íbúðum á ha svæðis	400-600 m frá B3/S1 stöð Innan við 400 m frá S2 stöð

Viðmið um þéttleika íbúðabyggðar og blandaðrar byggðar eftir nálægð við Borgarlínu úr tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur.
 Borgarlína (B1): Kjarnastöð (stærri tengistöðvar; tengja saman alla ferðamáta og eru kerfslega mikilvægar og miðstöðvar þjónustu)
 Borgarlína (B2): Aðrar lykilstöðvar (minni tengistöðvar; tvær eða fleiri leiðir almenningsgangna mætast)
 Borgarlína (B3): Almennar biðstöðvar
 Strætó (S1): Stofnleiðir Strætó með meira en 10 mín tíðni á annatímum
 Strætó (S2): Almenn leið

Með þéttingu byggðar...

...styttum við vegalengdir innan borgarinnar

...stydjum við vistvænar ferðavenjur

...drögum við úr losun CO₂

...nýtum við betur fjárfestingar í innviðum

...styrkjum við skólasamfélag, verslun og þjónustu

...sköpum við fjölbreyttari hverfi með lifandi almenningsrymum.

Úr kynningarriti um uppfærslu Aðalskipulags Reykjavíkur



Myndirnar þrjár sýna mismunandi byggðarform en sama nýtingarhlutfall. Neðst er nokkuð lág og fjölbreytileg blönduð byggð, sem myndar skjólgott sameiginlegt útivistarsvæði.

1.4 Hönnunarforsendur Borgarlínu




Borgarlínan mun hafa mikil áhrif á hönnun göturýmisins, sem er hugsað fyrir mismunandi ferðamáta og lifandi mannlíf.

Hönnun umhverfis Borgarlínustöðvar:

- Bil milli Borgarlínustöðva ætti að vera minnst 400-500 m og mest um 800 m.
- Mikilvægt er að fólk þekki sína stöð og að þær séu staðsettar á auðþekjanlegum stöðum.
- Umhverfi stöðvanna ætti ætíð að hanna með þarfir gangandi vegfarenda í fyrirrúmi.
- Við allar stöðvar má gera ráð fyrir stæðum fyrir hjól og að við stærri stöðvar verði einnig svæði fyrir hverskonar deilifarartæki sem auðvelda fólki ferðina síðasta spölinn.
- Stöðvar séu að lágmarki 26 m á lengd og 40 m frá gatnamótum til að lágmarka tafir.

Hönnun göturýmis með Borgarlínu:

- Breidd borgarlínureina sé um 3,5 m, borgarlínubraut með umferð í báðar áttir sé um 7 m en þrengist í 6,5 m við stöðvar.
- Algengast er að gert sé ráð fyrir einni akrein fyrir bílaumferð í hvora átt, báðum megin við borgarlínubraut. Breidd akreina verði almennt 3,50 - 3,75 m og 3,25 - 3,50 m við stöðvar.
- Bílastæði ættu að vera samsíða akreinum og ekki fleiri en þrjú í röð. Æskilegt er að bílastæðin séu nýtt sem blágrænar lausnir og breidd þeirra verði ekki meiri en 2,5 m.



Mynd B.10 Máltag borgarlínubraut



Mynd B.11 Súbartag borgarlínubraut



Mynd B.12 Borgarlína í blandaðri umferð



Mynd B.13 Máltag borgarlínubraut og stígar



Mynd B.14 Almenn borgarlínubraut

Grunnmyndir sem sýna borgarlínustöðvar, annarsvegar dæmi um tengistöð (efri) og hinsvegar dæmi um almenna stöð (neðri) (Myndir úr skýrslunni Frumdrög að 1. lotu Borgarlínunnar).

- Hjólástígar verði í flestum tilfellum beggja vegna götunnar og liggi næst akreinum eða borgarlínureinum. Hjólástígar ættu að vera að lágmarki 2,2 m breiðir en leitast ætti við að hafa hjólástíga 3,0 m breiða.
- Breidd gangstétta skal vera a.m.k. 2,0 m. Gangstéttar sem liggja að húsvegg skuli að öllu jafna vera 3,0 m eða breiðari, en geta breikkað upp í allt að 5 m þar sem sólar nýtur við og umferð gangandi er mikil.

Snið borgarlínunnar getur verið mjög mismunandi eftir samhengi og aðstæðum og hér eru dæmi um ólíkar útgáfur (Myndir úr skýrslunni Frumdrög að 1. lotu Borgarlínunnar).

1.5 Keldnaland í víðara samhengi

Keldnandið er staðsett innan vaxtarmarka aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Svæðið er á þróunarslóttum Borgarlínu, sem mun teygja sig í gegnum Keldnaland frá Örfirisey í gegnum ný þéttbyggð hverfi á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog upp í Mosfellsbæ. Keldnaland er afmarkað til suðausturs af Vesturlandsvegi, sem er helsta umferðaræðin inn í Reykjavík frá norður- og vesturlandi. Mót Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur eru við suðvesturhorn Keldna. Svæðið er því nokkurs konar hlið inn í Reykjavík frá öðrum landshlutum.

Norðan við Keldnaland er hið rótgróna íbúðarhverfi í Grafarvogi, sem einkennist af dreifðri og almennt lágreistri byggð. Sunnan Vesturlandsvegur er svo íbúðarbyggðin í Grafarholti með athafnasvæði næst veginum. Segja má að í kringum Keldnaland megi finna fulltrúa byggingarsögu síðustu áratuga:

- Grafarvogur byggður á árunum 1985-1995
- Grafarholt byggt á árunum 2000-2010
- Úlfarsárdalur byggður á árunum 2010-2020

Ljóst er að áherslur í skipulagi hafa breyst mikið á þessum árum og hefur smám saman verið farið að leggja mun meiri áherslu á þéttari, blandaðri og vistvænni byggð. Helstu atvinnusvæði í kringum skipulagssvæðið eru Hálsar í Árbæ og svo Höfðar, sem nú stendur til að breyta að miklu leyti í blandaða íbúðarbyggð. Einnig er atvinnustarfsemi í Leynum norðan við Keldnaholt og á Korputorgi.



1.6 Þróunarsvæði í Reykjavík

Helstu uppbyggingarsvæði í Reykjavík, sem þegar eru í undirbúningi, á skipulags- eða framkvæmdastigi eru á þróunarsvæði Borgarlínu, sem liggur frá Örfirisey að Keldum: Austurhöfn, Hlemmur, Heklureitur, Múlar, Skeifa, Vogabyggð, Ártúnshöfði og Keldnaland. Keldnaland sker sig úr að því leyti að þar er lítil byggð fyrir en hin svæðin eru atvinnusvæði sem verða þétt með íbúðarbyggð.

Ekki er sett fram bindandi ákvæði um nákvæman fjölda íbúða á einstökum reitum og svæðum í aðalskipulaginu. Fjöldi íbúða, þéttleiki og yfirbragð byggðar á einstökum byggingarsvæðum er ákvarðað af samþykktu deiliskipulagi, að undangengu kynningar- og samráðsferli og sérstöku mati þar sem tekið er mið af tilteknum ákvæðum og gæðakröfum. Lykilþættir við ákvörðun um fjölda íbúða, þéttleika byggðar á einstökum svæðum og forgangs röðun þeirra, eru m.a. leiðir Borgarlínu og almenningsgangna, staðsetning núverandi og fyrirhugaðra grunnskóla, útivistarsvæða og helstu þjónustukjarna.

Við þróun byggðar á stærri svæðum, s.s. Keldnalandi og Vatnsmýri og þar sem mögulega er gert ráð fyrir nýjum skólahverfum, verður sett nánari stefna um fjölda og gerð íbúða í sér breytingu á aðalskipulagi. Mótun stefnu á slíkum svæðum getur farið fram að undangenginni hugmyndasamkeppni og/eða gerð rammaskipulags, sbr. nalgun við skipulag í Ártúnshöfða-Elliðaárvogi og Skerjafirði.



Möguleg fjölgun íbúða eftir borgarhlutum til ársins 2040. Á kortinu eru til hliðsjónar sýndir núverandi og fyrirhugaðir grunnskólar. Miðað er við mjög kröftugan vöxt (1000-1100 íbúðir/ári) og góða nýtingu svæða. Endanlegur fjöldi á hverju svæði er háður sérstöku mati um hvað er ásættanlegur þéttleiki og fjöldi íbúða. Áform um uppbyggingu í landi Keldna er háð tímasetningu um uppbyggingu Borgarlínu um svæðið. Heimild: Tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040.


1.7 Atvinnusvæði í Reykjavík

Starfshættir hafa breyst töluvert á síðustu árum vegna tækniframfara og heimsfaraldurs og kröfur sem gerðar eru til atvinnuhúsnæðis sömuleiðis. Töluvert hefur verið skipulagt af íbúðarhúsnæði á eldri atvinnusvæðum í Reykjavík, ekki síst meðfram fyrirhugaðri Borgarlínu, þ.e. Múlum, Skeifu, Vogabyggð og Ártúnshöfða. Því er mikilvægt að ný atvinnusvæði rísi þar sem hægt er að byggja nútímalegt húsnæði sniðið að sérþörfum starfseminnar.

Talið er að þau atvinnusvæði sem skilgreind eru í aðalskipulaginu geti rúmað yfir 3 milljónir fermetra húsnæðis og geti þannig mætt þörf fyrir atvinnuuppbyggingu vel fram yfir 2050. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í austanverðri borginni er í takt við stefnu aðalskipulagsins. Í dag eru um 4.800 m² af atvinnuhúsnæði á Keldum og 11.400 m² á Keldnaholti. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir um 50.000 m² aukningu byggingarmagns atvinnuhúsnæðis á Keldum og 100.000 m² á Keldnaholti.

Heildar nýbyggingarþörf atvinnuhúsnæðis gæti verið í kringum 50-70 þúsund fermetrar á ári. Mat sem þetta er háð stórum skekkjumörkum vegna óvissu um umfang niðurrífs eldra húsnæðis, umbreytingu atvinnuhúsnæðis undir önnur not og ófyrirséðrar þróunar á rýmispörf, t.d. í skrifstofuhúsnæði og smásöluverslun vegna breyttra atvinnu- og neysluháttá.

Úr tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040



Breytingar á jafnvægi íbúa og starfa til 2050



Kort úr tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040, sem sýnir mögulegan fjölda nýrra starfa eftir svæðum í borginni.

Mynd úr tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040, sem lýsir því hvernig íbúum mun fjölga hlutfallslega meira í vesturborginni og þar af leiðandi fækkar fermetrum atvinnuhúsnæðis á hvern íbúa. Þessu er öfugt farið í austurborginni þar sem atvinnuhúsnæði eykst hlutfallslega meira.

1.8 Landnokun í aðalskipulagi

Keldur og Keldnaholt eru skilgreind sem miðsvæði (M4c og M4d) í aðalskipulagi Reykjavíkur:

M4. Höfðar/ Keldur (M4a,4b,4c, 4d). Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótelum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði M4c (Keldur), er þó gert ráð fyrir íbúðarbyggð og tilheyrandi hverfiskjarna og samfélagsþjónustu. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi.

Fjöldi íbúða er ekki tiltekinn í aðalskipulagi, heldur skal hann metinn við gerð deiliskipulags.

Ræktarland RALA er skilgreint sem miðsvæði (M9d) næst Vesturlandsvegi:


M9. Þjónustukjarnar við stofnbrautir. Einkum gert ráð fyrir rýmisfrekri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Nýjar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Íbúðir, hótél og gistiheimili eru ekki heimil. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar, skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi íbúðarhverfum og gera grein fyrir í deiliskipulagi. Á svæði M9d við Korputorg, er heimilt að reka gagnaver.

Næst Korpu, er landið skilgreint sem íþróttasvæði, ÍP2. Golfvöllur á Korpúlfsstöðum.

Borgarlína og stofnstígar eru sýnd í gegnum svæðið á þéttbýlisupprætti.

Víkurvegur er skilgreindur sem aðalgata: Meðfram aðalgötum er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða sé íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir

flokkana verslun og þjónusta (VP, að skemmtistöðum undanskildum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II-III.



Landnotkunarkort úr tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040



1.9 Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Tilraunastöðina að Keldum, samþykkt í borgarráði 14. desember 1990. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir um 12 nýbyggingum á svæðinu, sem tengdar eru með tengigöngum og bílplönum á milli. Einnig er gert ráð fyrir að styrkja og efla gróður á svæðinu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að byggja nýbyggingar í áföngum, sem geti hver staðið sem sjálfstæð eining en aðeins hefur verið byggt eitt hús eftir að deiliskipulagið var samþykkt.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Keldnaholt.

Ríkið og Reykjavíkurborg komist að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnaland, m.a. með markmiðum um félagslega blöndun, og semji í framhaldinu um eignarhald og framkvæmdir.

Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga

1.10 Skipulag á aðliggjandi svæðum

Í jaðri svæðisins eru í gildi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir, sem taka þarf tillit til og mögulega breyta þegar kemur að deiliskipulagsgerð á Keldnalandi:

- Skipulag norðan Grafarvogs, 1.-4. áfangi, endurskoðaður uppdráttur samþykktur í borgarráði 3. desember 1984, ásamt síðari breytingum.
- Kotmýri, skipulag á útivistarsvæði - Afmörkun á lóð fyrir skáta, samþykkt í borgarráði 20. mars 1990.
- Grafarvogur III - Húsahverfi, samþykkt í borgarráði 10. september 1991, ásamt síðari breytingum.
- Fossaleynismýri, samþykkt í borgarráði 7. febrúar 1995, ásamt síðari breytingum. Á uppdrætti sést hvar gert er ráð fyrir að Hallsvegur sé framlengdur yfir Korpu.
- Stekkjarbrekkur - Hallsvegur suður, samþykkt í borgarráði 30. ágúst 2007, ásamt síðari breytingu.
- Grafarlækur - Stekkjarmóar - Djúpidalur, samþykkt í borgarráði 27. mars 2001, ásamt síðari breytingum.





2 Vistvænt og heilsueflandi hverfi

Núverandi og nýir innviðir


Við mótun nýs hverfis á jaðri núverandi byggðar er mikilvægt að taka tillit til nærliggjandi byggðar og íbúa en jafnframt skapa nýjar tengingar og nýta þá innviði sem fyrir eru eins og hægt er.

2.1 Vistvænir innviðir

Nútímalegir innviðir í hinu nýja hverfi, s.s Borgarlína, göngu- og hjólaleiðir, blágrænar ofanvatnslausnir, nýir skólar, verslun og þjónusta geta einnig auðgað umhverfi gróinna hverfa í nágrenninu.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur eru sett fram metnaðarfull markmið um breyttar ferðavenjur í borginni og aukna hlutdeild vistvænna

ferðamáta. Leiðarljósið er að vistvænasti og fyrirferðaminnsti ferðamátinn skuli ávallt vera í forgangi við skipulag og hönnun byggðar. Áhersla á betri tengingar fyrir vistvæna ferðamáta ásamt áformum um Borgarlínu kalla á nýja nálgun við hönnun göturýmisins. Fjöldi bílastæða taki mið af staðsetningu svæðisins í borginni, starfsemi, gerð húsnæðis og framboði á vistvænum samgönguleiðum.




Forgangs röðun ferðamáta úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Borgarlínunni fylgja innviðir fyrir almennings-samgöngur og virka ferðamáta, svo sem gangandi og hjólandi. Með tilkomu þessara innviða opnast fleiri valkostir til að ferðast og dregur úr þörf á að ferðast með bíl. Það leiðir til þess að hægt verður að fækka akreinum og bílastæðum og hanna minni gatnamót sem hægja á og draga úr bílaumferð. Tækifærin til bættra umhverfisgæða sem fylgja Borgarlínunni snúast ekki síst um bættar göngu- og hjólaleiðir og að taka frá rými fyrir minni dvalarsvæði þar sem við á og um aukinn gróður í göturými. Því fylgir betra og öruggara umhverfi þar sem gatan fær á ný hlutverk sem virkt borgarrými fyrir íbúa og gesti.

Úr Borgarlína -1. Iota Forsendur og frumdrög

Tengja gamalt og nýtt



- Mögulegar borgarlínustöðvar
- Hverfisstarfsemi
- Skólar
- Leikskólar
- Borgarlína
- Aðalumferðaræðar
- Gönguleiðir
- Hjólaleiðir
- Aðliggjandi hverfi
- Áhrifsvæði borgarlínu

2.2 Tengingar

Við skipulag nýs hverfis í jaðri gróinnar byggðar er mikilvægt að huga að tengingum við núverandi hverfi. Þetta á ekki síst við þar sem að íbúar í eldri hverfum geta fengið aðgang að Borgarlínu og verslun og þjónustu í nýrri og þéttari byggð. Það þarf að tryggja að nýjar vegtengingar valdi sem minnstri truflun í núverandi hverfi og leggja áherslu á tengingar fyrir vistvæna ferðamáta, sem munu vera í forgangi í nýju hverfi við Borgarlínu.

Vegtengingar


Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur mætast í suðvesturhorni Keldnlands og tengja þar saman hringveginn. Þetta eru tvær af þremur stærstu umferðaræðum inn í borgina, Vesturlandsvegur með yfir 50.000 bíla ársdagsumferð (ÁDU, meðalumerð á dag yfir árið) og Suðurlandsvegur tæplega 20.000 bíla ÁDU þar sem þeir mætast skv. umferðartalnakorti Vegagerðarinnar.

Vegtengingar inn í Grafarvog eru um Gullinbrú vestan við Keldnaland og um Víkurveg milli Keldna og Keldnaholts. Gullinbrú og Víkurvegur tengjast um Hallsveg en Foldahverfi og Húsahverfi suður af honum einkennast af botnlöngum og vegtengingar því takmarkaðar. Það eru hins vegar góðar göngutengingar og mikilvægt að þær tengist inn í nýtt hverfi á Keldnalandi.



Strætótengingar

Í dag fara þrjár strætóleiðir (6, 24 og 18) inn í Grafarvog, sem stoppa í námunda við Keldur eða Keldnaholt og leið 15 fer eftir Vesturlandsvegi. Árið 2024 mun nýtt leiðanet vera innleitt en þá mun stofnleið sem liggur frá miðborg í Egilshöll um Gullinbrú vera skilgreind sem borgarlínuleið. Gert er ráð fyrir að stofnleið E, sem liggur frá Miðborg upp í Mosfellsbæ um Keldnaland verði skilgreind sem borgarlínuleið árið 2024.



Nýtt leiðarnet Strætó sem er í vinnslu. Gráir flákar sýna 400 metra frá stoppustöðum. Skjáskot af gagnvirkum korti Strætó.



Fyrirhugaðir hjólastígar samkvæmt Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025

Hjólatengingar

Samkvæmt Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 er gert ráð fyrir hjólastíg meðfram Grafarvoginum norðanverðum, í gegnum Keldur í undirgöng undir Vesturlandsveg og þaðan upp í Grafarholt. Auk þess er gert ráð fyrir hjólaleið samsíða Borgarlínu sunnan Grafarvogs frá Ártúnshöfða í gegnum Keldur og upp á Keldnaholt, sem verður byggð upp um leið og Borgarlína í gegnum þessi svæði.

Gert er ráð fyrir að fólk á rafhlaupahjólum og öðrum örflæðifararmátum geti nýtt hjólaleiðir.

Göngutengingar

Helstu tengingar við núverandi hverfi umhverfis Keldnaland verða göngutengingar. Góðar göngutengingar eru lykilatriði til þess að auðvelda fólki að komast leiðar sinnar fótgangandi og sérstaklega mikilvægt í þéttum hverfum meðfram Borgarlínu. Fólk sem notar almenningssamgöngur fer fótgangandi, á hjólum eða hlaupahjólum í upphafi og lok ferðar.

Göngutengingar ættu að vera aðlaðandi, greiðfærar og auðvelda fólki að komast sem beinasta leið að áfangastað. Auk þess hafa núverandi stígar í fallettri náttúru meðfram Grafarvogi, upp í Húsahverfi og meðfram Grafarlæk og Korpu mikið útivistargildi. Hins vegar skortir mjög upp á tengingar frá byggð vestan við Víkurveg við stíg meðfram Korpu.




2.3 Bíla- og hjólastæðakröfur

Í Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur kemur fram að eftirspurn eftir bílastæðum ræðst af mörgum þáttum hins byggða umhverfis, s.s. fjölbreytileika og þéttleika byggðar og aðgengi að almenningssamgöngum. Þessir þættir hafa mikið um það að segja hversu auðvelt er að búa og starfa án þess að ferðast á einkabíl. Í Bíla- og hjólastæðastefnunni er borginni skipt upp í tvö svæði með mismunandi kröfur til bílastæða.

Keldnaland er allt innan svæðis I í reglunum enda hluti af samgöngu- og þróunarás þar sem viðmið um fjölda bílastæða er 0,25-0,75 á hverja íbúð eftir fjölda herbergja. Að lágmarki skal tryggja tvö hjólastæði fyrir hverja íbúð. Við skrifstofubýggingar á svæði I er viðmið um eitt bílastæði á hverja 200 m² og 0,5-3 hjólastæði á hverja 100 m². Beita skal samgöngumati þegar um meiriháttar uppbyggingu er að ræða.

Á rammaskipulagsstigi þarf að vinna samgöngumat fyrir Keldur og Keldnaholt í sameiningu en leggja einnig mat á hvert undirsvæði fyrir sig þar sem þau geta verið mismunandi að einhverju leyti. Við mat á bíla- og hjólastæðafjölda þarf að taka mið af aðgengi að Borgarlínu og öðrum vistvænum ferðamatum. Skoða þarf vel samnýtingu stæða fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði og sérstaklega þarf að meta kosti og galla af uppbyggingu miðlægra bílastæðahúsa eins og fyrirhugað er að byggja á Ártúnshöfða og í Nýja Skerjafirði í stað bílakjallara undir hverri byggingu.



Afmörkun svæða í Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur

Mynd úr kynningarriti um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040, sem sýnir að á árunum 2015-2020 fjölgaði íbúum sem búa í innan við 400 m frá stoppistöð Strætó um 11,7%.





2015–2020
Fjöldi íbúa 400 m
frá stoppistöð

+11,7%

2.4 Aðliggjandi byggð

Byggð í Grafarvogi er almennt frekar lágreist og dreifð í anda 9. og 10. áratugar síðustu aldar þegar hún reis. Það á sérstaklega við um hverfin í sunnanverðum Grafarvogi næst Keldum. Í Folda- og Húsahverfi eru einbýlishús langmest áberandi og íbúðapétteleiki því mjög lár. Myndirnar hér til hliðar sýna íbúðapétteleika í hluta af Foldahverfi annars vegar og Húsahverfi hins vegar, sem næstir eru Keldum. Til samanburðar er svo svæði í Rimahverfi með 3ja hæða fjölbýlishúsum þar sem þétteleiki er töluvert meiri.

Annað sem einkennir byggðina er óreglulegt gatnakerfi og botnlangar. Byggðin efst á Keldnaholti sem tilheyrir Húsahverfi hringar sig utan um topp hæðarinnar og myndar nokkurs konar völundarhús, sem að aðalgatan dregur nafn sitt af. Húsin eru flest byggð af lóðarhöfum og arkitektúrin því misjafn en almennt póstmódernískur í anda 9. og 10. áratugarins, húsin litrík með mænisþökum. Garðar eru almennt vel grónir og grænn jaðar ramar inn hverfin.



Kort sem sem sýna mismunandi svæðisnýtingu og íbúðapétteleika í þremur hverfahlutum í Grafarvogi.

2.5 Verslun og þjónusta

Í Grafarvoginum er gott aðgengi að náttúrunni og stígur meðfram veginum sjálfum að sunnanverðu, Korpu að austanverðu og fallegri strandlínu með fjallasýn að norðanverðu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og tómstunda hjá Fjölni, í Egilshöll og á golfvellið við Korpúlfsstaði.

Í dreifðri íbúðarbyggð eins og í Grafarvoginum er hins vegar ekki góður grundvöllur fyrir nærþjónustu og íbúar nefna gjarnan að skortur sé á verslun og þjónustu í göngufæri. Helsti þjónustukjarni Grafarvogs er í Spönginni, sem er í yfir 2 km fjarlægð í beinni loftlínu frá Keldum og því alls ekki í hæfilegri göngufjarlægð. Lítil nærþjónustukjarni er efst í Hverafold við Fjallkonuveg í innan við kílómetra fjarlægð frá Keldum í beinni loftlínu. Þar var áður stórmarkaður, bakarí, apótek, banki, bókabúð, sjoppa o.fl. en mikið af þessum verslunum hefur lokað.

Ekki er ólíklegt að margir íbúar í sunnanverðum Grafarvogi komi við í stórmarkaði annars staðar í borginni á leið í og úr vinnu frekar en að fara í Spöngina. Það myndi því koma sér vel fyrir núverandi byggð að fá þetta og líflega byggð að Keldum með verslun og þjónustu með góðu aðgengi fyrir virka ferðamáta.



Horft yfir Grafarvog, Foldahverfi fremst, Grafarvogskirkja fyrir miðju og verslunarmiðstöðin Hverafold þar fyrir aftan (rauð þök).

Aðgengi er lykilhugtak í skipulagi borga. Að hafa gott aðgengi að þeirri grunnþjónustu sem borgin veitir, að margvíslegri verslun, þjónustustarfsemi, sundlaugum, íþróttasvæðum, afþreyingu og fjölbreyttum almenningsrymum og opinni náttúru. Að geta gengið að þjónustunni vísri í næsta nágrenni við heimilið og mögulegt sé að fara flestra erinda sinna fótgangandi eða á annan virkan hátt.

Tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040

2.6 Stofnanir

Skólar, íþróttamiðstöðvar og sundlaugar eru oft hjarta hverfisins, þar fer fólk um á hverjum degi, bæði börn og fullorðnir, starfsfólk og foreldrar, sem fylgja börnum sínum. Þessar stofnanir styðja undir félagsleg samskipti innan hverfisins, bæði með formlegum viðburðum en einnig með því að veita foreldrum og iðkendum tækifæri til að kynnast og spjalla saman á förnum vegi. Auk þess skapar umferð gangandi fólks grundvöll fyrir verslun og þjónustu í nálægð við skóla.

Mikilvægt er að í skólahverfi sé til fjölbreytt úrval af húsnæði fyrir ólíka þjóðfélagshópa, sem auðveldar einnig íbúum að flytja sig innan hverfisins eftir ævistigum og því sem fjölskylduaðstæður breytast. Tölur yfir fjölda nemenda í skólum í Grafarvogi sýna að börnum hefur fækkað mikið í borgarhlutanum á síðustu áratugum, sem hefur leitt til þess að þurft hefur að sameina skóla, sem getur valdið raski fyrir íbúa. Eini skólinn þar sem nemendafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur er Rimaskóli en Rimahverfi er einmitt það hverfi í Grafarvogi sem hefur fjölbreyttasta framboðið af íbúðarhúsnæði.

Í Foldahverfi og Húsahverfi, sem eru staðsett næst Keldum eru tveir skólar Foldaskóli og Húsaskóli, þrjár leikskólar (Sunnufold hefur nú verið skipt upp í tvo leikskóla), íþróttamiðstöð og sundlaug Fjölnis í Dalhúsum. Egilshöll, stærsta íþrótt- og afþreyingarmiðstöð landsins er skammt norður af Keldnaholti og Borgarholtsskóli er með nám á framhaldsstigi við Spöngina. Heilsugæsla Grafarvogs er einnig í Spönginni.

Skólar	Foldaskóli	Húsaskóli
Bekkir	1.-10. bekkur (8.-10. bekkur safnskóli fyrir Húsa- og Hamrahverfi)	1.-7. bekkur
Nemendafjöldi	Um 500 en gæti rúmað um 100 í viðbót	Um 160 en gæti rúmað allavega helmingi fleiri
Stærð	6.845 m ²	4.661 m ²
Leikskólar	Sunnufold	Brekuborg
Nemendafjöldi	123	65
Stærð		
Íþróttamiðstöð	Fjölnis í Dalhúsum og Egilshöll	
Iðkendur	4.000 í 11 deildum	
Íþróttir	Fimleikar, frjálsar íþróttir, handbolti, karate, knattspyrna, körfubolti, skák, sund, tennis, hokkí, listskautar, skokkhópur og almenningseild.	
Framhaldsskóli	Borgarholtsskóli	
Nemendafjöldi	Um 1.400	
Nám	Skólinn býður upp á fjölbreytt nám, bæði bóklegt nám, iðn- og starfsnám og listnám.	

Að öllum líkindum verður til nýtt skólahverfi á Keldnalandi en það er mikilvægt að þekkja stöðuna í nærliggjandi skólum, leikskólum og


íþróttamiðstöðvum. Tölur frá Reykjavíkurborg gefa til kynna að töluvert rými sé fyrir nýja nemendur í Húsa- og Foldaskóla.

2.7 Veitur og aðrir innviðir

Við skipulag og uppbyggingu nýs hverfis er mikilvægt að skoða núverandi veitukerfi, bæði til þess að kanna möguleika á að nýta núverandi innviði eins og hægt er en einnig til þess að koma í veg fyrir skemmdir á kostnaðarsömum veitumannvirkjum. Mikilvægt er að skipulag og framkvæmdir fari fram í nánu samstarfi við Veitur ohf.

Meðfram Vesturlandsvegi er háspennulína sem sveigir meðfram Korpu að vestanverðu en sérstaka aðgát þarf að hafa við framkvæmdir nærri slíkum lögnum. Borhola fyrir heitt vatn, sem er í notkun, er við botn Grafarvogs en slíkar borholur þurfa að vera aðgengilegar og ekki æskilegt að byggja of nærri þeim.

Á myndinni hér til hliðar er búið að kortleggja helstu þætti sem hafa þarf í huga við skipulag blágrænna ofanvatnslausna eins og gert er ráð fyrir á Keldnalandi. Á kortinu sést að austan Elliðaá er tvískipt fráveitukerfi, annars vegar fyrir regnvatn og hins vegar fyrir skólp.



Kort úr skýrslu um Innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna í Reykjavík, sem var unnin af Alta fyrir Reykjavíkurborg og Veitur.




Skýrningarmyndir sem sýna á fyrri myndinni hefðbundnar ofanvatnslausnir og blágrænar ofanvatnslausnir á þeirri síðari.

2.8 Blágrænar ofanvatnslausnir

Regn sem fellur til jarðar og vatn sem myndast þegar snjór bráðnar er kallað ofanvatn. Úti í náttúrunni seytlar það yfirleitt niður í jarðveginn smátt og smátt, en í borgum og bæjum, þar sem yfirborð er ógegndræpt, er vatnið flutt burt í veitukerfi. Blágrænar ofanvatnslausnir eru mun sjálfbærari leið fyrir meðferð ofanvatns, með þeim er ofanvatni að miklu leyti veitt á yfirborði í stað þess að leiða það í lagnir neðanjarðar. Ávinningur blágrænna ofanvatnslausna er margþættur, s.s.:

- Hreinna ofanvatn
- Grænna umhverfi
- Aukinn líffræðilegur fjölbreytileiki
- Lægri stofn- og rekstrarkostnaður fráveitukerfa
- Minni flóðahætta
- Aukin kolefnisbinding.

Reykjavíkurborg stefnir að því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir á nýbyggingarsvæðum og í grónum hverfum borgarinnar. Blágrænar ofanvatnslausnir eru sérstaklega mikilvægar á grænum svæðum eins og Keldnalandi sem er í námunda við verndaða og viðkvæma viðtaka vatns eins og Korpu, Grafarlæg og Grafarvoglsleiru. Mikilvægt er að hafa upplýsingar um lekt bergs og vatnafar á svæðum þar sem innleiða á blágrænar ofanvatnslausnir.




Fjórar stoðir blágrænna ofanvatnslausna



Vatnafarskort af Reykjavíkurborg sem sýnir mikilvægar grunnupplýsingar fyrir útfærslu blágrænna ofanvatnslausna. Kort unnið af Ísor.





3 Byggt á einstakri náttúru og sögu


Mótun staðaranda

Mikil gæði felast í náttúrulegu umhverfi og legu Keldnaland sem að draga ætti fram með vönduðu skipulagi. Einnig er mikilvægt að undirstrika sögu staðarins og helstu einkenni til að leggja grunn að einstakri byggð með sinn sérstaka staðaranda.

3.1 Landslag holta og hæða


Land Keldna einkennist af miklum landhalla. Efst er 80 m hátt Keldnaholtið en landið lækkar hratt niður eftir það til suðvesturs í átt að Keldum. Landhalli er um 6-12%. Suðvestur af Keldum er Nónholt, sem er forn jökulruðningur. Holtin og hlíðarnar, sem horfa í átt að síðdegissólinni, skapa aðlaðandi umgjörð fyrir byggð.

Vinsæll göngustígur liggur í kringum Grafarvoginn en hann nær alla leið meðfram sjónum í átt að Gufunesi og undir Gullinbrú inn í Bryggjuhverfi. Út frá honum liggur gróinn stígur upp brekkuna í átt að íþróttasvæði Fjölnis. Trjálundir eru á fyrrum sumarbústaðarlóðinni Brekku og í Kálfamóa en lítil tækifæri eru til útivistar á afgirtum og framræstum túnum í kringum Keldur. Stígar liggja meðfram fallegu umhverfi Korpu og Grafarlækjar. Í brekkunni næst Húsahverfi er skíðalyfta, sem er vinsæl meðal yngri kynslóðarinnar þegar að snjóar.



Kort sem sýnir landhalla, stíga, græn svæði og framræst tún við Keldur og á svæðinu á mörkum Grafavogs og Keldnalandins.

Verndun náttúru og sögu



Korpúlfsstaðir

Engjar

Fossaleynir

Korpa

Keldnaholt

Keldnasund

Stóri skyggir

Keldnakot

Kotamýri

Keldnamýri

Keldur

Leirur

Bakki

Grafarlækur

Nónholt

Gröf

Kalfamói

Klofningslækur

Hóltsrani

3.2 Verndarsvæði

Svæði á náttúruminjaskrá

Leirurnar í Grafarvogi voru settar á Náttúruminjaskrá 1981 þar sem þær eru einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu. Leirurnar eru nú í friðlýsingarferli þar sem að horft er til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Grafarvogs og líffræðilega fjölbreytni hans, þ.m.t. mikilvægar fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og óspillta leiru.

Úlfarsá/Korpa frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er einnig á náttúruminjaskrá. Hún þykir fögur og góð laxveiðiá með gróna vallendisbakka.

Hverfisvernd

Grafarvogur og Korpa njóta hverfisverndar í aðalskipulagi Reykjavíkur:

HV7 Grafarvogur: Leirur sem ekki hefur verið raskað, auðugt fuglalíf, fjölbreytt landslag. Hér er ein af fáum leirum sem ekki hefur verið raskað á höfuðborgarsvæðinu og hefur hún mikla þýðingu fyrir fuglalíf á Innnesjum. Vaðfuglar, máfar og endur nýta voginn allt árið. Á fartíma á vorin halda þúsundir fugla þar til. Stórgrýtt urð norðan í Ártúnsholti (Innriurð) setur mikinn svip á umhverfið og er þakin mosum og hrúðurfléttum. Mólendisræman umhverfs voginn hysir fjölda plöntutegunda. Grafarlækur er straumharður og vatnið tært og á engan sinn líka í borgarlandinu. Merkar ísaldarminjar er að finna í Grafargili.

HV12 Korpa vestan Vesturlandsvegur: Lífríki árinna, umhverfi, votlendi og fuglalíf. Áin flæðir reglulega yfir bakka sína í leysingum og hefur það mótandi áhrif á lífríki svæðisins. Vatlendi er víða við ána en einnig finnst graslendi, tún, mólendi, melar og flög. Þéttar fuglabyggðir eru við Úlfarsá/Korpa og er 51 fuglategund skráð við ána, þar af 25 reglulegir varpfuglar. Mikið er um mink á svæðinu og nærast hann á fugli og fiski.



3.3 Líffræðilegur fjölbreytileiki

Stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni leggur áherslu á að viðhalda margbreytileika lífríkisins og vistkerfum í borginni. Þessi fjölbreytni er undirstaða náttúruauðlinda, sem eru lífsnauðsynlegar fyrir afkomu manna en hefur einnig áhrif á lífsgæði og hamingju.

Leirurnar í Grafarvogi eru meðal mikilvægustu fuglabúsvæða í Reykjavík með mikið fuglalíf allan ársins hring, einkum vaðfuglar, máfar og endur. Á vorin og haustin koma hundruð vaðfugla þar við, á ferð sinni frá varpstöðvum á heimskautasvæðum, t.d. rauðbrystingar, sanderlur og lóuprælar. Íslenskir farfuglar koma þangað einnig t.d. jaðrakanar og stelkar á vorin og heiðlóur á haustin. Á veturna eru gráhegrar reglulegir gestir í Grafarvogi.

Korpa þykir frábær laxveiðiá. Frá árinu 1999 hefur árleg vöktun farið fram á ástandi laxfiskaseiða í Úlfarsá/Korpu og upplýsingar úr stangveiði hafa verið skráðar frá 1974. Í ánni veiddust 195 laxar og 37 urriðar árið 2020. Um fiskteljara sem staðsettur er um 4 km frá sjávarós gengu fleiri laxar árið 2020 en hafa gert síðan 2007. Úlfarsá er tiltöluleg lítið vatnsfall sem getur orðið mjög vatnslítið í þurrkatíð. Gera má ráð fyrir að vistkerfi hennar sé af þeim sökum viðkvæmt fyrir röskun. Í Grafarlæk er einnig fiskur en minni upplýsingar liggja fyrir um hann.

Mikilvægt er að upplýsingar um fugla- og fiskalíf séu fyrir hendi þegar að farið er að skipuleggja á svæðinu og að tekið sé tillit til og stutt við líffræðilega fjölbreytni á svæðinu.



Það eru oft tækifæri að aðlaga nýja byggð að þeirri náttúru sem er fyrir og í leiðinni að skapa skilyrði fyrir nýjan gróður og ný búsvæði. Þau gróðursvæði sem mögulega tapast þarf að bæta upp með grænu yfirbragði innan hinnar nýju byggðar, rúmgóðum og fjölbreyttum garðsvæðum, blágrænum ofanvatnslausnum, grænum húspökum, grænum bílastæðum, gróðri í göturýmum og almennt lausnum sem tryggja gegndræpi yfirborðsins. Það er brýnt að auka seiglu borgarumhverfisins til að geta mætt breyttum veðuraðstæðum í framtíðinni og styrkja almennt náttúruna í borginni og auka líffræðilega fjölbreytni búsvæða, innan sem utan þéttbýlisins.

Úr kynningarriti um tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040



Vistkerfið sinnir mikilvægu hlutverki í heilbriggi og vellíðan borgarbúa. Úr kynningarriti um endurskoðun á aðalskipulagi.

3.4 Gróður

Á fyrri hluta 20. aldar voru mýrar ræstar fram og ræktað mikið af túnum norðan við Grafarlæk. Hefðbundinn búskapur var stundaður á þeim fram yfir miðja öldina en um það leyti mun beitarálag hafa náð hámarki. Á síðari hluta aldarinnar lagðist búskapur af á þessum jörðum en síðan hefur hrossum verið beitt þar af og til.

Gróðurfar á útivistarsvæðunum við Grafarvog er fjölbreytt en það breyttist mjög á seinni hluta 20. aldar þegar að beit lagðist af og síðar þegar farið var að byggja á svæðinu og rækta. Bakkar Grafarlækjar eru umvafðir hávöxnum blómgróðri. Á lóðum þeirra sumarbústaða sem áður voru á

svæðinu standa eftir tré og annar garðagróður sem algengur var um miðbik síðustu aldar. Einnig var töluvert gróðursett af trjáplöntum á svæðinu fyrir neðan sjúkrahúsið Vog, austan við Logafold, á Skyggissvæðinu og norðan við og fyrir botni Grafarvogs.


Á fyrrum sumarbústaðarlóðinni Brekku, sem stóð norðvestast í Nónholti fyrir botni Grafarvogs, var plantað óvenju fjölbreyttum gróðri á 6.-8. áratugnu. Í dag er lóðin í eigu Reykjavíkurborgar og er nokkurs konar náttúrugarður með göngustígum og bekkjum. Þarna vaxa nokkrar innlendar tegundir sem ekki eru algengar í landshlutanum og hjartapunktur, sem finnst hvergi annars staðar á landinu.

Jóhann Pálsson, fyrrverandi garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar ræktaði trjágróður í kringum sumarbústaði á svæðinu frá miðri 20. öld og til er nákvæm athugun hans á gróðri á svæðinu, sem nefnist Kálfamói. Taka þarf tillit til núverandi gróðurs á svæðinu við skipulag, leitast við að halda í merkilegan gróður eftir megni og nýta sem græn svæði og græna geira í blágrænum ofanvatnslausnum.



3.5 Sérstæð saga

Keldnaland er sérstakt fyrir þær sakir að þar er landbúnaðarland inni í miðri byggð. Fram undir miðja síðustu öld voru sumarbústaðir á Keldum og talsverð sauðfjárbætur. Vesturlandsvegur hefur legið gegnum svæðið lengi en vegurinn verður beinni og breiðari með tímanum og umferðarslaufur bætast við. Borgarlandslagið tekur smátt og smátt yfir allt í kring þegar líður á seinni hluta 20. aldarinnar. Fyrst bætast við byggingarnar í Keldnaholti. Svo byrjar Grafarvogurinn að byggjast upp með Foldahverfinu á 9. áratugnum og hefur tekið á sig mynd um miðjan 10. áratuginn. Að lokum bætist svo við Grafarholtið sunnan Vesturlandsvegar auk byggðarinnar í Úlfarásdals.



Menningarminjar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er ákvæði um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra og er friðhelgað svæði í kringum þær að lágmarki 15 metrar.

Skráðar fornminjar

Fornleifar hafa áður verið skráðar á svæðinu og eru þekktar um 32 fornleifar innan þess, auk yngri minja og herminja. Við endurskoðun á fornleifaskrá má búast við að minjum fjölgi. Umrædd svæði eru innan lands sem tilheyrði jörðunum Keldum, Gröf og Lambhaga, eins og jarðirnar voru skilgreindar um 1700. Á svæðinu eru tveir bæjarhólar, bæjarhólar Keldna og Grafar. Á þeim má búast við mjög fornum minjum, jafnvel frá tíma landnáms.

Húsaskráning

Á svæðinu eru hús sem falla undir lög um menningarminjar nr. 80/2012 sem og hús sem hafa visst byggingarsögulegt- og listrænt gildi. Á skipulagssvæðinu standa um 36 hús sem þarf að skrá, þar af eitt friðlýst hús, Rannsóknarhús II, Keldnavegi 5, byggt 1960 (friðunarár 1999). Ytra byrði hússins er friðað, ásamt föstum innréttingum á bókasafni. Tvö hús í Keldnalandi eru friðuð í flokknum hús byggð 1925 eða fyrr.



3.6 Tilraunastöðin að Keldum

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði tók til starfa að Keldum haustið 1948. Tilraunastöðin er sjálfstæð háskólastofnun með tengsl við læknadeild HÍ og sinnir rannsóknum, þjónustu, ráðgjöf og eftirliti á sviði dýrasjúkdóma. Á Keldum starfa um 50 manns og þar eru eftirfarandi tilraunadýr: 30-60 hross og 15-25 ær, ásamt smærri tilraunadýrum, s.s. músum, rottum, kanínum og marsvínum. Landið á Keldum eru um 85 ha. Þar af eru 11-15 ha ræktuð tún, sem eru nýtt fyrir sauðfjár- og hrossabeit.

Húsakostur á Keldum telur alls um 5.000 m² og er að hluta til mjög sérhæfður:

- 3 rannsóknarhús þar sem mest af starfseminni fer fram
- öryggisrannsóknarhús (biosafety level 3+)
- krufningshús með aðstöðu fyrir lítil tilraunadýr
- hús undir búsmala
- hesthús fyrir um 50 hross
- fjárhús fyrir 100 fjár
- skurðaðstaða til þjálfunar og kennslu lækna á LSH í skurð- og bráðalækningum
- fiskeldishús fyrir tilraunir með fisk í kerjum
- Keldnabærinn byggður 1916, steinhlaðinn sem og hlaða.

Rætt hefur verið að flytja starfsemi tilraunastöðvarinnar í Vatnsmýrina en stjórn og starfsfólk Keldna hefur lýst yfir vilja til þess að vera áfram á sama stað.



Húsakostur á Keldum. Heimild: Kort frá starfsfólki Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum



3.7 Starfsemi á Keldnaholti

Á Keldnaholti er ein gata, Árleynir, sem leiðir að þremur byggingum eða húsaþyrpingum. Tvær þeirra sem liggja nær Korpu, Árleynir 2-8, tilheyra nýstofnuðu Tæknisetri en þar var áður til húsa Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Tæknisetur er rekið sem óhagnaðardrifið félag sem á ekki í samkeppni við einkafyrirtæki og stofnanir og verður alfarið í eigu ríkisins, þar sem ríkið leggur fram hluta af tækjabúnaði og eignum Nýsköpunarmiðstöðvar sem stofnframlag. Tæknisetri er ætlað að vera brú milli háskólasamfélags og atvinnulífs á sviði tæknigreina og liður í uppbyggingu þekkingarþorps í Vatnsmýrinni.

Að Árleyni 22, nær Víkurvegi eru svo til húsa Landbúnaðarháskóli Íslands og þar var áður einnig Veiðimálastofnun. Þar er aðlaðsetur rannsóknasviðs Lbhí auk þess sem kennsla í skipulagsfræði til meistaraþráðu fer þar fram. Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna er einnig þar með aðstöðu.

Norðan við svæðið er atvinnusvæði við Fossaleyni og Egilshöll þar norðan við með golfvöllinn á Korpúlfsstöðum til austurs. Hinum megin við Korpu er Korputorg og handan Vesturlandsvegur er byggingavöruverslunin Bauhaus.

Fallegt útsýni er í átt að Esjunni og fleiri fjöllum til norðurs og austurs. Umhverfi Korpu er gróðursælt og fallegt með stíg sín hvoru megin við ána. Laxastigi er staðsettur fyrir framan Árleyni 4. Töluvert af trjám eru á milli bygginga á svæðinu, sem mætti nýta fyrir græn svæði í framtíðarskipulagi.







4 Fjölbreytt og aðlaðandi byggð

Gæði byggðar, tegund húsnæðis og starfsemi

Gæði umhverfisins á Keldnalandi þurfa að skila sér inn í gæði byggðarinnar. Byggðin þarf að laga sig að hlíðinni, snúa andlitinu að sólu, skapa skjól fyrir vindi, veita gott aðgengi að vernduðum grænum svæðum, bjóða upp á aðlaðandi almenningsrými, nærþjónustu, vel hannað húsnæði og vandaðan arkitektúr.

4.1 Landnotkun og starfsemi

Landnotkun og starfsemi hefur mikil áhrif á það hvers konar byggð rís á Keldnalandi. Svæði henta misvel fyrir tiltekna notkun og markmiðið hlýtur að vera að nýta landið sem best fyrir þá starfsemi sem hentar. Í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi á Keldnaholti en íbúðarbyggð á Keldum. Þegar haft er í huga viðkvæmt umhverfi Keldna og þau náttúrugæði sem felast í svæðinu sem hallar mót suðvestri, auk mikillar nálægðar við rótgróna íbúðarbyggð, þá virðist rökrétt að þar eigi fyrst og fremst að koma íbúðarbyggð með nærþjónustu. Auk þess mætti skoða hvort hægt væri að koma atvinnuhúsnæði fyrir næst Vesturlandsveginum þar sem að hljóðvist getur verið erfið fyrir íbúðarbyggð.

Keldnaholtið hallar hins vegar lítillega til austurs, er í nálægð við atvinnusvæði og aðskilið frá íbúðarbyggð af Víkurvegi, sem er skilgreindur sem aðalgata og veitir gott aðgengi að svæðinu. Þar af leiðandi hentar Keldnaholtið mun betur fyrir þá

Með blöndun byggðar verður stuðlað að aukinni þjónustu og fleiri atvinnutækifærum. Blöndun byggðar snýr ekki einungis að breytilegri starfsemi, heldur einnig að því að húsnæði sé fjölbreytilegt og ýti undir félagslega blöndun og fjölbreytni innan hverfa. Vel útfærð, skjólgóð og sólrík almenningsrými hvetja íbúa til útiveru og gera þeim fært að sinna helstu erindum gangandi eða hjólandi. Með aukinni nærþjónustu, betri almenningsrýmum og fleiri íbúum sem sinna sínum daglegu erindum innan hverfis verður iðandi mannlíf og umhverfið líflegra.

Höfuðborgarsvæðið 2040

atvinnustarfsemi sem nefnd er í aðalskipulaginu (rýmisfrekar verslanir, heildsölur og skrifstofur). Næst Korpu er aðlaðandi náttúra sem myndi henta íbúðarbyggð og fallett útsýni í átt að Esjunni.

Landhalli og veðurskilyrði



4.2 Fjölbreytt byggð

Þegar talað er um blandaða byggð þá er yfirleitt verið að vísa til landnotkunar, þ.e. blöndu af íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, þá sérstaklega fyrir nærþjónustu. Þetta er lykilatriði til þess að fólk geti sinnt helstu erindum sínum fótgangandi. En til þess að vekja áhuga fólks á því að fara út á tveimur jafnskjótum er auk þess mikilvægt að byggðin sjálf sé fjölbreytt með mismunandi götur, almenningsrými og húsagerðir.

Í eldri borgum Evrópu, þar sem að flestir fara ferða sinna fótgangandi, hjólandi eða með almenningsamgöngum er mikil fjölbreytni í umhverfinu, alltaf eitthvað öðruvísi, sem kemur á óvart, við næsta götuhorn. Fjölbreytt hverfi með mismunandi húsagerðir og íbúðastærðir laða að ólíka þjóðfélagshópa, fólk á mismunandi æviskeiðum og með ólíkan bakgrunn, sem aftur auka við mannlífsflórana.

Fjölbreytni er mikilvæg hvort sem við horfum til mannlífsflórunnar, menningarinnar, félagslífsins, atvinnulífsins, lífríkis opnu svæðanna og náttúrunnar sem umvefur borgina, byggingarlistarinnar, húsanna og forma þeirra, bæjarrýmanna, torganna, leikvallanna, götugagnanna, ferðamatanna og hverfissamfélaganna. Það er líka mikilvægt að það sé fjölbreytni og breidd í eignarhaldinu á húsunum, fyrirtækjunum og við þurfum aðkomu fjölbreyttra hópa þegar kemur að ákvörðunartöku og stefnumótun.

Endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur

4.3 Gæði byggðar

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er lögð höfuðáhersla á gæði byggðar, bæði innandyra og utan. Það er ekki síður mikilvægt að huga að gæðum byggðar í þéttum hverfum, þar sem að tryggja þarf að íbúðir séu vel hannaðar og njóti birtu og íbúar hafi aðgang að aðlaðandi opnum rýmum, sem njóta sólar og skjóls. Áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir gerir það að verkum að byggðin verður almennt gróðursælli og fallegri. Byggð sem einkennist af vandaðri hönnun hvetur fólk til útiveru og hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu.

Auk þess að ýta undir lýðheilsu og lífsgleði almennt, þá eru gæðin í byggðinni lykilatriði til þess að auka eftirspurn eftir húsnæði og þar með verðmæti eigna. Lausnin felst í vönduðu skipulagi,

borgarhönnun og arkitektúr, sem að þarf alls ekki að kosta meira en hönnun sem snýst fyrst og fremst um það að koma fyrir sem flestum fermetrum á tilteknu svæði. Vanda þarf hönnun innanhúss jafnt sem utan. Góð innanhússhönnun skilar betri nýtni á rýmum, birtu inn í byggingar og góðu flæði.

Í aðalskipulaginu ert gert ráð fyrir allt að 5 hæða háum húsum á Keldum og 5-8 hæðum á Keldnaholti (mögulegt frávik frá viðmiðum í deiliskipulagi er +2 hæðir). Á Íslandi þar sem að er vindasamt og sól lágt á lofti er almennt ekki talið hentugt að byggja mjög hátt. Það myndi líka stangast á við markmið um birtu innandyra og sólrík og skjólgóð útirými.



Sýn til lengri tíma - Heilsuborgin. Mynd úr kynningarriti um endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Leiðarljós við hönnun íbúðarbyggðar:

Mælt er með því að meiri en helmingur leiksvæðis barna og önnur dvalarsvæði utandyra, innan lóða sem og á sameiginlegum svæðum, geti notið sólar að lágmarki í 5 klukkustundir þann 1. maí (milli kl. 09 til 17). Mögulegt er þó að víkja frá þessu viðmiði ef sýnt er fram á nálægð við vönduð og sólrík útisvæði í næsta nágrenni.

Tryggt verði að byggðin og umhverfið milli húsanna beri með sér grænt og manneskjulegt yfirbragð. Gætt verði sérstaklega að blágrænum yfirborðslausnum, að gegndræpi yfirborðs, að lágmarkshlutfall lóðar sé gróður- og dvalarsvæði og þess gætt að við uppbyggingu verði ekki gengið á gróskumikil gróðursvæði sem eru til staðar. Við mótun byggðar verði einnig hugað sérstaklega að skjólmyndun.

Leitast verði við að tryggja náð samspil bygginga og almenningsrýma svo og íbúða og inngarða; að byggingin og inngangar hennar séu í nánum tengslum við virk almenningsrými, s.s. með því að láta byggingu mæta gangstétt í göturýminu, einkarými og almenningsrými séu almennt í nánum tengslum, s.s. með opnum inngörðum í randbyggð og almennum umferðarleiðum um sameiginleg útirými á fjölbýlishúsalóðum og að jafnan séu góð sjónræn tengsl séu milli íbúða og leiksvæða.

Í þéttri og samfelldri byggð, s.s. randbyggð, verði hugað sérstaklega að gróðursvæðum í gatnarýminu, til dæmis með hóflegum forgörðum þar sem því verður við komið.

Við hönnun íbúðarhúsnæðis verði tryggð fjölbreytni í yfirbragði, áferð, hæðum húsa og uppbroti bygginga, gæði og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt höfð að leiðarljósi.

Úr endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur

4.4 Sól og skjól


Lykilatriði er að byggð snúi vel við sólu og veiti skjól fyrir helstu vindáttum. Sérstaklega þarf að huga að því að útirými njóti sólar og skjóls á góðvirðisdögum á sumrin þegar hægt er að sitja úti og sóla sig. Á Keldum hallar landið í suðvestur og fyrirhuguð byggð mun því njóta eftirmiðdagssólarinnar þegar að fólk er að koma heim frá vinnu. Keldnaholtið hallar hins vegar lítillega til austurs og snýr því betur við morgunsólinni. Einnig er mikilvægt að íbúðir njóti góðra birtuskilyrða innandyrna.

Næsta veðurstöð við Keldnaland er Korpa. Þar eru mest ráðandi suðaustlægar áttir en á sumardögum eru norðlægar áttir meira áberandi. Keldur njóta

skjóls niðri við Grafarvoginn af holtunum í kring en Keldnaholtið er berskjaldaðra fyrir vindi.

4.5 Byggð í halla

Holt, hlíðar, dældir og dalir gera landslagið aðlaðandi og áhugavert auk þess að skapa skjól. Það er hins vegar ákveðin áskorun að koma byggð vel fyrir á hallandi landi. Mikilvægt er að vinna með landhallann, láta byggðina lagast eftir hlíðinni í stað þess að stalla lóðir og mynda þannig háa burðarveggi milli lóðamarka. Þar sem hús eru á hallandi landi skal leitast við að stalla gólfleti þannig að byggingar aðlagist landslagi á viðunandi hátt í stað þess að grafa frá húsi til að nýta kjallararými eða byggja upp flatar lóðir.




Mikilvægt er að leitast við að byggingar lagist að landingu og forðast háa burðarveggi milli lóðamarka.

4.6 Hljóðvist


Hljóðvistarkort af Vesturlandsvegi sýnir að hávaði á stórum hluta Keldnaland næst Vesturlands vegi er á bilinu 55-65 dB LAeq (jafngildishljóðstig yfir 24 tíma).

Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008 er miðað við að hávaði fari ekki yfir 55 dB við húsvegg íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum og ekki yfir 60 dB við húsvegg á íbúðarhúsnæði á verslunar-,

þjónustu- og miðsvæðum. Huga þarf að hljóðvist við hönnun byggðarinnar, sérstaklega ef byggja á atvinnuhúsnæði nærri Vesturlandsveginum en slík byggð myndi væntanlega skýla byggðinni þar fyrir aftan að einhverju leyti fyrir umferðarhávaða. Vinna þarf nákvæmari hljóðvistarkort þegar að fyrir liggur ramma- eða deiliskipulag og greina mögulegar hljóðvistaradgerðir á vinnslutíma ramma- eða deiliskipulagsáætlana.



Umferðarhávaði í 2 m hæð. Kort unnið af Eflu.



Umhverfsvottað hverfi

Stefnt er að því að byggð á Keldnalandi verði vottuð af BREEAM Communities, sem er alþjóðlegur staðall notaður til að bæta, mæla og meta efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærni uppbyggingar með því að innleiða vistvæna hönnun á ramma- eða deiliskipulagsstigi.

4.7 Mismunandi húsagerðir

Hér að framan var fjallað um mikilvægi þess að hverfi hafi mismunandi húsagerðir, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði, til þess að tryggja ákveðna fjölbreytni og áhugavert yfirbragð. Atvinnuhúsnæði er mjög mismunandi eftir því hvers konar starfsemi fer fram í því. Á Keldnaholti er fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum og skrifstofum, sem kallar á mismunandi húsnæði og þarfir. Á Keldum er hins vegar gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt nærbjónustu, sem yrði líklega að mestu leyti á jarðhæðum bygginga.


Í gönguvænu hverfi með Borgarlínustöð er einnig mikilvægt að huga að því að byggðin sé á mannlegum skala, þ.e. er ekki of há og byggingarreitir ekki of fyrirferðarmiklir. Tryggja þarf að hverfið verði ekki einsleitt og óspennandi fyrir íbúa og gangandi vegfarendur, heldur sé byggðin brotin upp með mismunandi hæðum, forgörðum, svölum og inngöngum sem snúa að götu.

Þegar skoðaðar eru tegundir íbúðarhúsnæðis í Grafarvogi í samanburði við Reykjavík og

Stóraukið framboð íbúða er tryggasta leiðin til að skapa ásættanlega húsnæðisverð, á hinum almenna markaði, bæði á miðlægum svæðum og í útjaðri byggða. Eðlilegt er því að setja hærrí markmið um fjölgun íbúða á ári og að núverandi langtímaáætlun um 800 íbúðir á ári fari í að minnsta kosti 1000 íbúðir.

Úr endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur

höfuðborgarsvæðið sést að þar er töluvert meira um einbýlishús og minna um fjölbýlishús. Einnig eru íbúðir í Grafarvogi almennt stærri að meðaltali en í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þarf að hafa í huga við skipulagsgerðina en mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreyttar íbúðarstærðir og gerðir innan hverfa.




Tegund íbúðarhúsnæðis. Heimild: Þjóðskrá Íslands.

4.8 Ólíkir þjóðfélagshópar

Mikilvægt er að tryggja fjölbreyttar húsa- og íbúðagerðir innan hverfis til þess að laða að mismunandi þjóðfélagshópa. Fjölbreyttar íbúðir og íbúðarform gera fólki einnig kleift að flytja sig um set innan hverfisins eftir mismunandi æviskeiðum.


Þegar skoðaðar eru tölur um aldersdreifingu í Grafarvogi í samanburði við Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, sést að áberandi fleiri eru í aldurshópnum 55-64 ára í Grafarvogi en í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu og áberandi færri á aldrinum 25-44 ára. Þetta endurspeglar upplýsingar um stöðu í skólunum þar sem börnum hefur fækkað verulega á síðustu árum og gefur til kynna að skortur sé á endurnýjun í hverfunum. Þessi aldersdreifing kemur auk þess ekki á óvart þegar haft er í huga að íbúðir í Grafarvogi eru töluvert stærri að meðaltali en íbúðir í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Út frá þessu mætti álykta að auka þyrfti framboð á húsnæði fyrir fólk á aldrinum 25-44 ára, sem margir hverjir eru í sinni fyrstu íbúð.



Samanburður á aldersdreifingu. Heimild: Hagstofa Íslands.



Tækifæri og áskoranir



5 Tækifæri og áskoranir

Helstu punktar úr forsendugreiningu og samráði

5.1 Tækifæri

Borgarlína: Lega borgarlínu í gegnum landið og 2-3 borgarlínustöðvar skapa tækifæri til að byggja þétta og aðlaðandi byggð.

Landhalli: Veitir skjól og skapar aðlaðandi umgjörð um byggðina.

Verndarsvæði: Einstök náttúra og saga gerir svæðið eftirsóknarvert og skapar ákveðinn staðaranda.

Göngu- og hjólatengingar: Góðar og grænar göngutengingar eru í nágrenninu sem auðvelt er að tengja hverfið við.

Bílaumferð: Víkurvegur er mikilvæg tenging og skilgreind sem aðalgata. Ekki þarf að gera ráð fyrir tengingum við núverandi hverfi og möguleiki að halda bílaumferð í lágmarki.

Blágrænar ofanvatnslausnir: Styðja við líffræðilega fjölbreytni og skapa aðlaðandi og vistvænt borgarumhverfi.

5.2 Áskoranir

Borgarlína: Landhallinn gerir það að verkum að það er áskorun að koma Borgarlínunni beina leið í gegnum svæðið.

Landhalli: Áskorun að koma byggð fyrir á hallandi landi þannig að vel sé.

Verndarsvæði: Passa þarf upp á að raska ekki verndarsvæðum og mikilvægum fornminjum

Göngu- og hjólatengingar: Huga þarf að nýjum hjólatengingum í samræmi við hjólreiðaáætlun og gönguvænu umhverfi við borgarlínustöðvar.

Bílaumferð: Nálægð við Vesturlandsveg veldur hljóðmengun sem setur uppbyggingu næst veginum ákveðnar skorður og torveldar tengingar við hverfi hinum megin við veginn.

Núverandi starfsemi: Óvissa hvort og þá hvernig hægt er að halda áfram starfsemi tilraunastöðvarinnar að Keldum í breyttu umhverfi.


Mögulega er öruggasta leiðin til að tryggja fjölbreytni og grósku í borgarsamfélaginu, að skipuleggja í eins mörgum áföngum og kostur er á og horfa á skipulagið að einhverju leyti sem bútaum fremur en heildstæða og endanlega lausn. Að vera pragmatísk fremur en útópísk og horfa á borgarþróunina sem ákveðna tilraunastarfsemi þar sem við prófum okkur áfram, smátt og smátt.

Við þurfum líka að vera vel meðvituð um, að það er ekki hægt að stytta sér leið í áttina að nýju sjálfbæru og samheldnu hverfissamfélagi, með vel ígrundaðri skipulagsáætlun einni saman. Því það eru þeir sem fylla húsin af lífi og störfum og nota almenningsrýmin sem skapa endanlega samfélagið, en ekki hin hannaða umgjörð og þjónustukerfi sem boðið er uppá.

Úr endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur


Borgarlínubyggð

Á Keldnalandi er lítil byggð og fáar götur fyrir. Því þarf Borgarlínan ekki að fylgja fastmótuðu gatnakerfi, heldur er hægt að hanna Borgarlínuleiðina eins og best hentar. Borgarlínan getur verið mikið til í sérrými sem að kallar á minni götukassa, meira öryggi og gönguvænna umhverfi. Auk þess verður minni truflun af bílaumferð og flæði línunnar betra í gegnum hverfið. Hér til hliðar má sjá mismunandi strategíur fyrir Borgarlínuleið í gegnum Keldnaland.




Landslagsleið

Borgarlína og göngu- og hjólaleið liggja samsíða í gegnum fallett langslag sem tengir byggð og náttúru. Lágmarksinngríp til að hafa sem minnst áhrif á umhverfið.




Borgarleið

Borgarlína og göngu- og hjólaleið liggja samsíða í gegnum þetta borgarbyggð sem er hönnuð til þess að hafa jákvæð áhrif á leiðina. Framhliðar bygginga snúi að leiðinni.




Skiptistöð

Ekki bara stoppistöð heldur staður sem er sérstaklega hannaður með það í huga að fólk sé að skipta um fararmáta milli almennignssamgangna, göngu, hjóla og hlaupahjóla. Hverfiskjarnar þar sem bílaumferð er takmörkuð.



Samgönguleið

Borgarlína og göngu- og hjólaleið liggja samsíða bílagötu. Leitast við að forðast þetta fyrirkomulag innan íbúðarhverfa þar sem göturýmið verður mjög vítt og erfitt fyrir gangandi vegfarendur að þvera það.



Krossgötur

Staður þar sem bílaumferð þarf að þvera Borgarlínuleið. Leitast við að takmarka slíkar krossgötur í nýju hverfi vegna þess að þær lengja ferðatíma Borgarlínunnar.



NÚVERANDI HVERFI


Tryggja að Borgarlínan þjóni núverandi íbúum, bæti aðgengi og bjóði upp á tækifæri til að draga úr bílanotkun.



LANDSLAGSGÆÐI
Nýta Borgarlínu til að veita aðgang að landslagsgæðum í umhverfinu.
Tengja við núverandi samfélagsþjónustu: Skóla, sundlaug, íþróttasvæði Fjölnis og leiksvæði.




ÞRÓUNARSVÆÐI
Lesi í landslagið: skilgreina grænt svæði meðfram miklum landhalla þar sem erfitt er að byggja. Þannig verða til þrjú aðskilin þróunarsvæði.



**MÖGULEG LEGA
BORGARLÍNU**

Vega og meta besta
mögulega aðgengi að
Borgarlínustöðvum annars
vegar og hraða og gæði
Borgarlínuleiðar hins vegar.


Þrjár stöðvar, ein á hverju
þróunarsvæði, u.þ.b. 800 m í
beinni loftlínu milli stöðva.




GRÆNAR TENGINGAR

Möguleiki á nýrri “grænni brú” fyrir gangandi og hjólandi yfir Vesturlandsveg í Grafarholt.


Borgarlína nýtt til að veita aðgengi að vannýttum landslagsgæðum og auka umferð gangandi vegfarenda sem ýtir undir frekari þróun.




VERSLUNARSVÆÐI
Verslunarsvæði meðfram Vesturlandsvegi veitir íbúðarhverfum skjól fyrir umferðarhávaða og helstu vindáttum.
Verslunarhúsnæði er sýnilegt frá Vesturlandsvegi og aðgengilegt frá Borgarlínustöð.




ÍBÚÐARHVERFI
Móta þrjú ólík íbúðarhverfi: 1 Keldur við voginn, 2 Hæðin og 3 Keldnaholt við árbakkann.



VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
Borgarlínustöðvar draga að gangandi vegfarendur, sem gera nærþjónustu lífvænlegri. Hver Borgarlínustöð ætti að hafa sinn karakter.



SVEIGJANLEIKI
Íbúðarsvæði þróuð á svæði 1 Keldum og 2 Hæðinni og svæði 3 Keldnaholti haldið opnu fyrir atvinnustarfsemi eins lengi og hægt er.



BORGARLÍNUSKIPULAG
Skiptir Keldnalandi í þrjú ólík
þróunarsvæði, sem hvert og
eitt:
TENGIST núverandi hverfi
RAMMAR INN landslagsgæði
SKAPAR grundvöll fyrir
verslun og þjónustu
MÓTAR aðlaðandi
íbúðarhverfi
LADAR AÐ gangadi
vegfarendur til að styðja við
nærþjónustu



Heimildaskrá

Árni Hjartarson og Daði Þorbjörnsson. (2019). Vatnafarskort af Reykjavík vestan Elliðaáa, blágrænar ofanvatnslausnir. ÍSOR.

Borgarsögusafn. Kortlagning á fornleifum á Keldnalandi (GIS-gögn).

BREEAM. (2012). BREEAM Communities Technical Manual.

Efla. (2021). Hljóðvistarkort sem sýnir umferðarhávaða frá Vesturlandsvegi LAeq dB í 2m hæð.

Friðþjófur Árnason og Fjóla Rut Svavarsdóttir. (2021). Vöktun á stofnum laxfiska í Úlfarsá 2020. Haf- og vatnarannsóknir.

Hagstofa Íslands. (2021). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2021.

Jóhann Pálsson. (2004). Flóra Grafarvogs, uppruni og útbreiðsla tegunda. Reykjavíkurborg.

Jóhann Pálsson. (2008). Kálfamói, þróun búsetulandslags við breytta landnýtingu. Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. (2014). Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Reykjavíkurborg. (2021). Ártúnshöfði og Elliðaárvogur. Sótt af samráðsgátt Reykjavíkur 15. september 2021: <https://samrad.reykjavik.is/>

Reykjavíkurborg. (2021). Tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Reykjavíkurborg. (2021). Hjólréiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025.

Reykjavíkurborg. (2021). Reykjavík 2040. Kynningarrit um uppfærslu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

Reykjavíkurborg. Skóla- og frístundasvið. Tölur um fjölda nemenda og stærð skólabygginga árið 2020.

Reykjavíkurborg. (ódagsett). Fuglaskoðun í Reykjavík, upplýsingar og kort yfir fuglaskoðunarstaði í Reykjavík.

Reykjavíkurborg og Veitur (2020). Innleiðing blágrænna ofanvatnslausna í Reykjavík. Stefna, forsendur og verkferli. Unnið af Alta.

Reykjavíkurborg. (2019). Bíla- og hjólastæðastefna.

Reykjavíkurborg. (2019). Náttúruborgin, stefna Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

(2015). Höfuðborgarsvæðið 2040, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Stjórnarráð Íslands. Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, sótt 10. september á www.stjornarradid.is

Stjórnarráð Íslands. Stuðningur stjórnvalda við lífsskjarasamninga. Sótt 15. september 2021 á www.stjornarradid.is

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Kynning á starfsemi tilraunastöðvarinnar fyrir Betri samgöngum og Alta, 21. september 2021.


Umhverfisstofnun. (2021). Grafarvogur innan Gullinbrúar, upplýsingar um friðlýsingar í vinnslu, sótt 5. október á <https://ust.is>

Veðurstofa Íslands (2021). Veðurmælingar á Korpu, gögn frá 2001-2020.

Vegagerðin (2017). Umferð og slysatíðni. Sótt 25. september 2021 á <https://umferd.vegagerdin.is/>

Verkefnastofa Borgarlínu, Borgarlínan 1. lota forsendur og frumdrög, janúar 2021.

Þjóðskrá Íslands. (2021). Upplýsingar um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu.



Verklýsing skipulagsgerðar
og umhverfismats. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30.
gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr.
111/2021 um umhverfismat áætlana.

Ljósmyndir: Árni Geirsson og fleiri.

Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar, september 2024.

